

tíska | tíðarandinn | heilsa | börn | pistlar | matur | stjörnuspa

birta

með rauða nefið



MATUR

» Desemberkaka
í jólalitunum

STOLT AF ÞVÍ AÐ
VERA DÓTTIR
ELLENAR

» Elísabet Eypórsdóttir

DAGUR
RAUÐA
NEFSINS
» Landssöfnun
UNICEF

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
1. - 7. desember

Jólakúlur 24 stk í pakka 790-

Borðlampi 3.990-
Góflampi 10.890-

20 kort í pakka 390-





Jólatré 1590-

Jólatré með kúlum 1590-

8 kort í pakka 390-

Fyrir þig og þá sem
þér þykir vænt um...



NEXT

KRINGLUNNI · 551 3200

L'



„Calsium, það er framtíðin fyrir mína húð!”

Jane Fonda, 68 ára.

Jane Fonda

É

A

L
PARIS

DERMO-EXPERTISE

AGE RE-PERFECT Pro-Calcium

Endurbyggir og styrkir húðina með calcium.

NÝJUNG Enduruppbyggjandi djúpnæring
Vinnur gegn slappri húð.
Styrkir þunna, veikbyggða húð.

78% kvennanna staðfestu árangur gegn slappri húð.

Vísindalega prófað á 51 konu.

Pro-Calcium er lífræn framsetning calcium,
sem húðin nær að draga beint til sín.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

@ Allt um húð þína
eftir sextugt á
www.lorealparis.com



L'ORÉAL
PARIS
DERMO-EXPERTISE
AGE RE-PERFECT
Pro-Calcium

FRÁ 60 ÁRA ALDRI, NÆRING FYRIR ÞROSKAÐA HÚÐ.

L'ORÉAL
PARIS



Nýtt tákni um gæði

Ford Fiesta - einn mest seldi bíll í heimi

Kauptu Fiesta á jólatilboði

Jólin nálgast - gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg

► Jólin eru komin í Brimborg. Kynntu þér gott jólaverð á Fiesta. Kynntu þér góð jólakjör á bæði bílasamningi og rekstrarleigu. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Fáðu lægri vexti. Lægra lántökugjald. Byrjaðu jólin í Brimborg – komdu í Brimborg.



Fiesta er einn vinsælasti bíll heims

Fáir bílar státa af jafn miklum vinsældum um allan heim og Ford Fiesta. Fiesta er nýtt tákni um fallega hönnun smábíla sem skartar því besta í búnaði frá stærri bílum. Öryggi Fiesta, aksturseiginleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Mundu eftir IPS öryggiskerfinu, EBD hemlajöfnuninni og IPS öryggispúðum við framsæti og í hliðum. Veldu Ford á jólatilboði Brimborgar.



Jólatilboð 1.690.000 kr.

Fiesta Trend 1.6i 5 dyra, sjálfskiptur*

Bílasamningur 20.670 kr. Rekstrarleiga 31.180 kr.

Verð án jólatilboðs 1.790.000 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**



Sérstakt jólatilboð á Ford



Jólapakkinn í ár

Verðmæti 100.000 krónur
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Fiesta með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.



Fiesta

Jólapakkinn í ár
Verðmæti 100.000 krónur
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Fiesta með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.



Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST
OFURJÓLATILBOÐ Á FORD
KYNNTU PÉR GREIÐSLUKJÖRIN**



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

ÞAÐ VITA ALLIR...

... að svefn og hvíld skipta miklu máli til að halda góðri heilsu og vellíðan. Því er mikilvægt að hugað sé að því alla ævi að svefnpörfinni sé mætt en ekki síst núna yfir jólin. Sama gildir um hvíldina en nauðsynlegt er að gefa sér tíma til að slaka á í miðju jólaamstrinu.



GLÆSILEG

Rafmagnsrúm með lofthólfum sem leikur við líkamann og stuðlar að réttri stöðu hryggjasúlunnar



AMERÍSKT HÁGÆÐARÚM MEÐ 100 STILLINGUM

Rúm frá Comfortaire með sérhönnuðum lofthólfum og íburðarmiklu Rayon áklæði. Auk þess skartar hún WhisperFlo loftflæðikerfi með 100 stillingum sem er stjórnað með fjarstýringu. Þannig er hægt að aðlaga stifleika dýnnunar hvorum megin sem þú ert í rúminu.

Comfortaire



Tækninýjungar sem færa þér enn meiri þægindi
Nýjasta tækni í framleiðslu áklæða
Kemur í veg fyrir uppsöfnun svita frá líkamanum
Vinnur gegn bakteríum og örverum
Kemur í veg fyrir lykt
Má þvo á 60°C

ÍTÖLSK GÆÐI SEM FÆRA ÞÉR ENN MEIRI ÞÆGINDI

Engir tveir einstaklingar eru eins og með aldrinum breytast líkamar okkar. Þess vegna þarf gott rúm að geta veitt líkamanum stuðning á öllum aldurskeiðum lífsins. Með þetta að leiðarljósi hefur Manifattura Falomo þróað hágæðarúm sem eru byggð á áratuga rannsóknum og stanslausum prófunum.



ÍTÖLSK HÖNNUN

Fáguð ítölsk hönnun og fullkomin tækni sameinast í rafmagnsrúmunum frá Manifattura Falomo.



RÚM OG DÝNUR

Erum með mikið úrval af vönduðum rúmum og dýnum. Kíktu við og fáðu faglega aðstoð við valið.



JÓLATILBOÐ

BINARIA STÓLLINN

Binaria stóllinn hefur slegið í gegn um allan heim. Hentar jafnt fyrir vinnustaði og heimilið.



SVEFNSÓFAR

Vandaðir svefnsófar með heilsudýnu. Veldu því aðeins það besta fyrir þína gesti.



HÆGINDAHÚSGÖGN

Lúr býður mikið úrval af hægindahúsgögnum á sannkölluðu jólatilboði.



KÍKTU VIÐ OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ - VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á PERSÓNULEGA OG FAGLEGA ÞJÓNUSTU



OPNUNARTÍMI:

MÁN - FÖS 10:00 - 18:00

LAU 11:00 - 16:00

SUN 13:00 - 16:00

LÚR - BETRI HVÍLD

HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR

SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100

WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

KOMDU VIÐ Í VERSLUN OKKAR Í SMÁRANUM. VIÐ ERUM STAÐSETT RÉTT FYRIR OFAN SMÁRALINDINA





BÚSÁHÖLD

GJAFAVARA

LJÓS

HÚSGÖGN

RAFTÆKI

Gildir laugardag og sunnudag

kl. 13:00

Regína Ósk syngur og áritar plötuna sína

kl. 14:00

Ronja Ræningjadóttir skemmtir börnunum

Kokkur/bakari frá Konditori Copenhagen eldar/bakar í sýningareldhúsinu
Lifandi tónlist allan daginn: píanó og harmonikka

Miele þvottavélaparið - kynning

AÐVENTUHELGI

INNRETTINGAR

HREINLÆTISTÆKI

TEXTÍLVARA

HURÐIR

**Ertu í vandræðum með hann... nú eða ömmu?
Erum með jólagjafahugmyndir fyrir alla fjölskylduna, kíktu við!**

kl. 15:00

Jónsi í Svörtum fötum flytur lagið

kl. 13:00-17:00

Boðið verður upp á jólaglögg

Rágjafar í jólagjafainnkaupum
Jólaföndur í málningardeildinni

Kaffi - kynning
Sængurverasérfræðingur

Magimix - kynning
Gluggatjaldasérfræðingur - ráðgjöf

NÝTT

HEFURÐU ÁHYGGJUR AF AÐ GLEYMA AÐ SLÖKKVA Á KERTUNUM Á AÐVENTUKRANSINUM?



SJÁLFSLÖKKVANDI AÐVENTUKRANSAKERTI:

Kertin eru þægileg í notkun:

- **Kertin eru á eldheldum pinnastand sem auðvelt er að stinga í kransinn.**
- **Pinninn er með göddum sem halda kertunum föstum.**
- **Pinnastandurinn úr gagnsæju, eldheldu efni.**
- **Eftir 15 klst. brennslu slekkur standurinn í kertinu.**





28



46



22



34

Petta helst

- 15 Fullveldisdagurinn 1. desember
- 16 Heitt og kalt
- 16 Aðventan
- 18 Brennsla Bjartmars Þórðarsonar
- 20 Athygli vakín með tónaflóði

Greinar og viðtöl

- 22 Rauða nefið
- 26 Þekktar samsæriskeningar
- 28 Elísabet Eyþórsdóttir: Stolt af því að vera dóttir Ellenar

Hann/hún

- 32 Brynhildur Björnsdóttir elur upp
- 34 Matur: Desemberkaka í jólalitunum
- 36 Matur handa næstu kynslóð
- 40 Birta gerir „meik-óver“
- 44 Tíska: Dásamlegir hátíðarkjólur
- 46 Tískufyrirmyndin Madonna
- 48 Stjörnuþá
- 48 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 50 Viðvörðun á vínflöskur
- 54 Uppruni hlutanna: Aðventuljós

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

birta

1. – 7. desember 2006 nr. 48

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
 RITSTJÓRI: Kristín Eva Þórhallsdóttir
 kristineva@frettabladid.is
 ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
 steinunn@frettabladid.is
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
 Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
 Anna Elínborg Gunnarsdóttir / aeg@365.is
 Sölustjóri / 550 5806 / 899 3632
 Erna Sigmundsdóttir / ernas@365.is
 Markaðsfulltrúi / 550 5863 / 821 2755
 Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is
 Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar
 Arnór Bogason, Kristín Agnarsdóttir
 og Völundur Jónsson
 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
 FORSÍÐUMYND: Valli
 NETFANG: birta@frettabladid.is
 Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

safretti® ARINN ÁN REYKS

Safretti eldstæðin eru byltingarkennd nýjung sem gerir öllum kleift að setja upp arinn á auðveldan hátt. Aðeins þarf að fæsta arinn á vegg, hella í hann eldsneyti og kveikja upp. Eldurinn brennur án reyks eða sótts og því er engin þörf fyrir stromp eða reykrör.



Safretti Riviera DU Glass
Ryðfritt stál og svart gler í baki



Safretti Riviera EN Glass
Ryðfritt stál og svart gler í baki



Cubico BL



Cubico XL



Passionata BB



Passionata HM - Horn



Ambiente HR



Ambiente HS



Ambiente BR



Ambiente BS

Eingöngu fáanlegt í EGG Smáratorgi



www.safretti.is

Texti: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR



*Er fyrr á himin röðull rann
og roða sló á jökulkinn
á þessum degi þjóðin fann
sitt þráða frelsi í annað sinn.
Sitt gæfuspor steig þjóðin þá,
Hin þunga braut nú léttast fer.
Þeim gimsteini aldrei glata má
er gafst oss fyrsta desember.*

Fullveldisdagurinn 1. desember

Á fullveldisdaginn verðum við venju fremur þjóðrækin í andanum. Fyllumst þakklæti til þeirra sem börðust fyrir frelsi þjóðarinnar og förum með nokkur ættjarðarkvæði í huganum. Það var enginn smá áfangi sem náðist þennan dag árið 1918 þegar við losnuðum undan yfirráðum Dana sem höfðu selt okkur maðkað mjöl og kúgað á ýmsa lund. Þann dag eignuðumst við líka fána sem með litum sínum minnir okkur á bláma heiðríkjunnar, tign jöklanna og ólgandi eldinn í iðrum jarðar.

1. desember er ótvírætt einn af þýðingarmestu dögum í sögu lands og þjóðar eins og skáldið Þorsteinn Jóhannsson orðaði svo vel.


| heitt & kalt |

Heitt


Hvorki heitt né kalt

Vjót stofuhita


Ískalt




GLERAUGU Áberandi og flott gleraugu sem draga athyglina að fallega andlitinu þínu.




CAPONE BRÆÐURNIR eru andstyggilega skemmtilegir á morgnana á X-FM. Ljáðu þeim eyra og þú munt sannfærast.



HROLLVEKJUR Þessi bylgja af hrollvekjum sem er búin að tröllríða kvikmyndahúsum er orðin frekar leiðinleg og pirrandi.



GNARLS BARKLEY eru orðnir frekar þreyttir. Reyndar fengum við nóg af þeim í sumar - við sáum bara ástæðu til þess að minna fólk á það.



DERHÚFUR Kaupir sér einhver derhúfur nú til dags? Þetta er alveg dautt.


Tími laufabrauðsins

Aðventan er á næsta leiti með öllu sínu yndislega umstangi. Tími laufabrauðs og baksturs, jólakortaskrifa og skreytinga. Líka aðventustunda í kirkjum og litlu jóla í skólum. Þessi undirbúningstími fyrir komu jólanna getur verið svo gefandi ef við gleymum okkur ekki í of miklu fánýti og látum ekki stressið ná yfirhöndinni. Fyrsti í aðventu er núna á sunnudaginn. Þá veitum við birtu út í samfélagið með því að setja ljós í glugga og kveikjum á fyrsta kertinu í aðventukransinum, spámannskertinu. Íslendingar eru þjóð sem hefur gaman af skreytingum enda njóta ljósin sín vel á okkar landi þar sem skammdegið grúfir yfir á þessum árstíma.



GLUGGAPVOTTUR er eitt af því sem tilheyrir byrjun aðventu og þá er líka góður tími til að setja jólagardínurnar upp.

ÞAÐ ER SKEMMTILEGUR SIÐUR að baka eina smáköku-sort á hverjum sunnudegi í aðventu.



LITLA LJÓSIÐ í glugganum gerir sitt til að veita birtu út í samfélagið.

Aðventukrans við allra hæfi

Aðventukransar ættu að vera á hverju heimili þar sem þetta er góður og gegn siður og skemmtileg aðferð til að telja niður til jóla. Sumum vex í augum að gera aðventukrans og halda að það hljóti að fela í sér heilmikið föndur, greni og glimmer. En það er alls ekki rétt. Fjögur sprittkerti á diskum geta verið fínasti aðventukrans og fjögur falleg kerti á fati með einhverju skrauti ekki síðri. Þá er jólalegt að gera kertaholur í fjögur epli og stinga sprittkertum í, þannig færðu fínasta aðventukrans og einstaklega jólalegan. Og ekki má gleyma því hvað hann er náttúruvænn en á tímum umbúðaflóðsins eru náttúruæfni þakklátur kostur.



AÐVENTUÓNLEIKAR og hátíðlegar helgistundir í kirkjunum minna okkur á tilgang jólanna og fylla okkur friði.



Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Vodafone stendur fyrir átaki þessi jól þar sem tekið er á móti gömlum GSM sínum og þeim komið til bágstaddra í þróunarlöndum. Við treystum á að Íslendingar láti greipar sópa í skúffum, skápum og öðrum hirslum þar sem gamlir, þreyttir eða jafnvel ónýtir símar gætu leynst og skili þeim í einhverja af verslunum Vodafone.

Látum gott af okkur leiða um jólin

Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern GSM síma. Þú færð 1.000 kr. inneign upp í nýjan síma. Síminn verður sendur til þróunarlönda eða endurunninn.

Komdu við í verslun okkar eða hjá umboðsmanni, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone




brennslan mín ...
Bjartmar Þórðarson

Nett elektrópopphóra og hnakki

Það er komið að honum Bjartmari Þórðarsyni að segja frá því hver eru uppáhaldslög hans. Þessa dagana er Bjartmar að leika í Footloose leikritinu, talsetja teiknimyndir og semja tónlist. „Tónlistin sem ég hlusta á er mjög fjölbreytt, allt frá djassi til þungarokks“, segir Bjartmar. „Ég er nett elektrópopphóra og hnakki inn við beinið, hlusta mikið á kröftuga danstónlist og misslæmt júropopp.“

- LAG 1**
Elize - Automatic. Hollenska poppdúkkan Elize tryllir evróuslið með þessum sjúklega vanabindandi hittara.
- LAG 2**
Rufus Wainwright - Cigarettes and Chocolate Milk. Hugljúf ballaða um sjálfseyðingarhvötina í okkur öllum.
- LAG 3**
Amy Winehouse - Rehab. Hún Amy syngur þennan ný-motownsmell um það að hún ætli sko ekki í meðferð. Ekki ég heldur.
- LAG 4**
Laibach - Tanz mit Laibach. Elektrórokk frá slóvenskum lærifæðrum Rammstein. Fer beint undir beltsstað.
- LAG 5**
Eurovision - Nomiza. Uppáhaldsjúróvísjónlagið mitt, keppti fyrir Kypur 2000. Eitt best samda lag sem ég hef heyrð.
- LAG 6**
Ebru Yasar - Yesellinerim. Hin tyrkneska Ebru nær þér út á gólfíð með þessum danshittara ef þú ert á annað borð á lífi. Það langvinsælasta í Istanbúl í dag.
- LAG 7**
Bass Hunter - Tetris. Ókei, ég er algjör hnakki. Teknóhnakkaskapur af bestu gerð. Vantar bara gulu Honduna.
- LAG 8**
Kim Wilde - The Second Time. Kim Wilde gat aldrei sungið en þessi early-eighties hittari er tær snilld. Hver hefur ekki gaman af ódýrum synthum?
- LAG 9**
Portishead - Numb. Angurvært þunglyndi sem hittir beint í hjartastað. Tær ninetiesklassík.
- LAG 10**
Dannii Minogue - Perfection. Pikupopp af bestu gerð frá vanmetnu Minogue-systurinni.



» birta mælir með ...

... **ÞJÓÐLÖG, NÝRRI PLÖTU RAGNHEIÐAR GRÖNDAL.** Platan hittir mann beint í hjartastað. Ljúf rödd Ragnheiðar passar einstaklega vel við tregablandin íslensk og vel þekkt þjóðlög í nýjum og fallegum búningi.



... **JÓLABÓNUS HUGLEIKS.** Leikfélagið Hugleikur hefur staðið fyrir skemmtidagskrá í Þjóðleikhúskjallaranum einu sinni í mánuði í haust og þeir sem þekkja til verka Hugleiks vita að þar er á ferðinni eitt frjóstasta sköpunarstaf í íslensku leikhúsi. Að ógleymdu hvað verkin eru oft myndin. Jólabónusinn verður fluttur þriðjudaginn 5. og fimmtudaginn 7. desember og þar er tryggt að verður bæði glaumur og gleði. Jólagleði Hugleiks er alltaf bóonus.

... **FALLEGU JÓLAKÚLUNUM FRÁ LENE BJERRE Í BÆJARLIND.** Þessar einstaklega rómantísku og óvenjulegu jólakúlur úr gleri og gulli fara vel á tré eða í glugga og ættu að gleðja safnara því það kemur ein ný á hverju ári.



... **ARTEMIS FOWL - EYJAN TÝNDA.** Fimmta bókin í flokkinum um glæpasnillinginn unga, Artemis Fowl. Í þetta skiptið þarf hann að fást við demóna sem vilja eyða öllu mannkyninu. Skemmtileg ævintýrabók fyrir þá sem hafa gaman af léttum fantasíum.

NÝTT

Heitt og gott

Það getur verið ansi hvítleitt hve kaffið, kakóið og teið kólnar fljótt, þegar maður situr að vinnu. Sérstaklega á veturna þegar maður er að hlýja sér með heitum drykk. Maður er ekki fyrr búinn að fá sér eitthvað gott í bollann en það er orðið að ísköldum svaladrykk sem enginn hefur lyst á lengur. Margir vinna við tölvur nú á tímum og þess vegna er það algjör snilld að fá sér svona bolla með USB tengi. Bollinn tengist við tölvuna og helst heitur eins lengi og maður vill. www.rjcp.org



**DÚ
GEFUR
STYRK!**

Við erum öll ein stór **geðveik** fjölskylda

Sparisjóðurinn og viðskiptavinir hans sameinast nú um að styrkja samtök sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum. Fjórði hver Íslendingur á við geðræn vandamál að stríða einhvern tíma á ævinni en með réttri meðhöndlun og stuðningi eru yfirgnæfandi líkur á að fólk nái bata.

Við bjóðum viðskiptavininum Sparisjóðsins að velja eitt af þeim átta félögum sem við höfum ákveðið að styrkja í ár. Þá mun Sparisjóðurinn greiða 1.000 kr. fyrir hvern þann viðskiptavin sem tekur þátt. Auk þess geta allir, viðskiptavinir og aðrir, lagt málefnið lið og bætt við upphæð að eigin vali. Farðu inn á www.spar.is eða komdu í næsta Sparisjóð og gefðu þinn styrk.

FILIP/BLA



 **SPARISJÓÐURINN**
– fyrir þig og þína



Birgir D. Sveinsson, kynnrir tónleikana.



Daði Þór Einarsson, stjórnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar.



Páll Helgason, stjórnandi Karlakórs Kjalnesinga.



Jón Magnús Jónsson sem kom boltanum af stað.

» ATHYGLI VAKIN MEÐ TÓN AFLÓÐI

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og Karlakór Kjalnesinga taka höndum saman á tónleikum sem fram fara 3. desember næstkomandi. Tónleikunum er ætlað að vekja athygli fólks á málefnum aldraðra í sveitarfélaginu.

Kynnrir á tónleikunum verður Birgir D. Sveinsson, en hann er flestum Mosfellingsum að góðu kunnur. Hann var um langt skeið skólastjóri Varmárskóla auk þess sem hann stofnaði og stjórnaði Skólahljómsveit Mosfellsbæjar í marga áratugi. Hann varð nýlega „löggilt gamalmenni“ eins og hann orðar það og því tók hann vel í þá hugmynd að kynna desembertónleika skólahljómsveitarinnar. „Upphaflega áttu tónleikarnir ekki að snúast um neitt sérstakt málefni. Þetta áttu bara að vera samstarfstonleikar hljómsveitarinnar og Karlakórs Kjalnesinga,“ segir Birgir. „Svo kom hann Jón Magnús Jónsson að máli við okkur og stakk upp á því að við myndum nota tónleikana til að vekja athygli á málefnum aldraðra. Faðir Jóns, Jón M. Guðmundsson, var oddviti í Mosfellsveit, og síðar bæ, í áratugi og er einn af fáum

heiðursborgurum Mosfellsbæjar. Hann dvelur nú á hjúkrunarheimili en þar sem ekkert pláss var fyrir hann í sveitarfélaginu er hann vistaður í Reykjavík.“

Einnig eru dæmi þess að fólk hafi verið sent í næsta lausa pláss, sama í hvaða bæjarfélagi það er, og hefur fólk endað á heimili í Stykkishólmi. „Það eru svona atvik sem hrintu þessu af stað og okkur langar að vekja athygli á þessu og gefa pólitíkusum tækifæri á því að segja hvað er í þipunum í þessum málum,“ segir Birgir og bætir við, „Það er kosningarár þannig að þeir eru allir til í að mæta og tala.“

Nýlega lýsti Sif Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra því yfir að tuttugu ný sjúkrahús fyrir aldraða yrðu opnuð í Mosfellsbæ og ættu þau að koma sér vel fyrir bæjarfélagið. Hvernig eða hvar þeim verður komið fyrir er óljóst en augljóst er að þetta er skref í rétta

átt. Sif mun mæta á tónleikana og halda tölu, ásamt Ragnheiði Ríkharðsdóttur, bæjarstjóra Mosfellsbæjar, og Grétu Aðalsteinsdóttur, formanni Félags aldraðra í Mosfellsbæ.

Tónleikarnir fara fram í Íþróttamiðstöðinni að Varmá og hefjast kl. 16. Efnisskráin er fjölbreytt og segir Daði Þór Einarsson, stjórnandi skólahljómsveitarinnar, að hún ætti að höfða til allra aldurshópa. „Fyrir hlé erum við með þekkt innlend og erlend lög sem henta fyrir hljómsveit og kór. Eftir hlé taka jólin völdin og þá vonumst við til að áhorfendur taki undir með okkur,“ segir Daði.

Aðgangseyrir er 1.000 krónur og eru allir velkomnir. Aldraðir er sérstaklega boðnir velkomnir en þeir fá ókeypis á tónleikana.

JÓLAFÖNDUR SEM TEKIÐ ER EFTIR

Panduro
HOBBY

FÖNDURKLÚBBUR

Panduro Hobby

Skráðu þig í föndurklúbbinn
á www.odd1.is
og við sendum þér upplýsingar
um nýjar vörur, námskeið,
tilboð og margt annað
skemmtilegt.



pandurohobby@odd1.is

SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16

Oddi

RAUÐA NEFIÐ

» Rauða nefið er heiti á söfnun á vegum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF á Íslandi, sem fer fram í dag, 1. desember. Samtökin leggja ríka áherslu á að fjárstuðningur skili sér beint til bágstaddra barna um heim allan og talið er að samtökin bjargi lífi um 2.5 milljóna barna árlega með bólusetningum.

Hugmyndin af rauða nefinu kom frá bresku góðgerðarsamtökunum Comic Relief sem stofnuð voru árið 1988 í Bretlandi. Stofnandi samtakanna, Richard Curtis, er þekktur grínisti sem meðal annars skrifaði sjónvarpsþættina Black Adder og Mr. Bean ásamt kvikmyndahandritunum að Four Weddings and a Funeral, Notting Hill, Bridget Jones og Love Actually. Hugmyndafræði Rauða nefinsins er að nota grín og gleði til að koma alvar-

HLÁTURINN LENGIR LÍFIÐ

legum boðskap til skila. Einnig að reyna gleðja bágstödd börn sem búa við neyð um leið og þeim er hjálpað til betra lífs. Í kvöld fer síðan söfnunin fram Íslandi í opinni dagskrá stöðvar 2. Þar stígur á stökk einvala lið íslenskra grínista með fjölbreyttri dagskrá þar sem gleði og hlátur er í fyrirrúmi. Markmið átaksins er að safna fé til styrktar starfi Barnahjálpar og um leið hvetja sem flesta til að gerast heimsforeldra.

DAGSKRÁIN

Í kvöld taka allir höndum saman í stórglæsilegri þriggja tíma langri beinni og opinni sjónvarpsdagskrá á Stöð 2. Þar kemur fram einvalalið leikara frá Spaugstofunni, Stelpunum, Strákunum, Tvíhöfða og Sigtinu og fleirum sem allir gefa vinnu sína í tilefni dagsins. Það verður mikið glens og gaman og eru allir hvattir til þess að kaupa sér rautt nef í tilefni dagsins. Gleðjast, gleðja aðra og á sama tíma veita bágstöddum börnum lið.

Allur kostnaður við útsendingu og upptöku á innlendu efni er greiddur af 365 miðlum og Saga film. Icelandair gefur allar ferðir með flugfélaginu. Íslensk almannatengsl sjá um kynningarmál Barnahjálpar að kostnaðarlausu. Reiknað er með að kostnaður við ferðalög til Afríku, upptökur erlendis, stjórnun verkefnisins, kynningarefni, nefin og annar tengdur kostnaður verði fjórar milljónir og er sá kostnaður greiddur með framlögum bakhjarla UNICEF: Baugi Group, FL Group, Fons, Glitni og Samskipum. Fyrirtæki geta tekið þátt með því að pantu rauðu nefin fyrir sína starfsmenn og hvatt þá til að gerast heimsforeldrar. En þátttaka almennings er mikilvæg. Með því að kaupa rautt nef í verslunum Bónuss, Esso og 10/11 og nýjan geisladisk Baggalúts, sem ber nafnið „Brostu“ getur almenningur lagt sitt af mörkum. Auk þess geta allir gerst heimsforeldrar.

Sjónvarpsdagskrá Rauða nefins hefst eftir Ísland í dag kl 19:40 í opinni dagskrá á Stöð 2 og er bein útsending frá Nasa við Austurvöll. Þá verður þátturinn X Factor líka sýndur í opinni dagskrá kl 20:30-21:30. Rauða nef dagskráin heldur svo áfram fram á rauða nótt, eða til 23:30.

Allar upplýsingar veitir Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF Ísland, í síma 5 62 62 62 eða á heimasíðunum www.unicef.is og www.rauttnef.is.

MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR, TÓNLISTARKONA

Ég hef samið töluvert efni fyrir börn en í raun hef ég aldrei hugsað það sérstaklega þannig. Ég held að börn vilji alveg það sama og fullorðnir; spennu, húnur, djúpar tilfinningar og ævintýri. Rauða nefið er flott fyrirbæri því það vekur einmitt allar þessar tilfinningar og gerir gott í leiðinni.



BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR, 9 ÁRA NEMI Í LANDAKOTSSKÓLA

Það er gott að geta glatt börnin með rauða nefinu. Öll börnin í heiminum ættu að fá að fara í skóla og leika sér. Því það besta við að vera barn er að leika sér.

Gefðu heimilinu persónlegan blæ með textílvörum frá Moltex



LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

HVAÐ NEFIN GETA GERT

1 NEF bólusetur eitt barn gegn sex helstu barna-sjúkdómum.

2 NEF veita móður og börnum malaríuflugna-net, en malaría er ein af helstu dánarorsökum barna í Afríku.

5 NEF útvega 66 A-vítamín skammta sem bæta ónæmiskerfi barna.

10 NEF greiða laun fyrir einn kennara í mánuð og stílabækur fyrir barn sem hefur verið bjargað úr vinnuþrælkun.

40 NEF hjálpa 80 börnum í flóttamannabúðum að sækja tímabundinn skóla. Fyrir 20 þúsund krónur er hægt að kaupa skólapakka (e. school-in-a-box) uppfullan af skóla- og kennslugögnum fyrir 80 nemendur og einn kennara.

100 NEF geta bjargað tveimur börnum frá því að deyja úr vannæringu í Síerra Leóne. Vannærdum barni er komið aftur til heilsu á 6-10 vikum með næringu í æð og næringar- ríku mat.


200 NEF 5000 börn fá bólusetningu gegn mænu- sótt. UNICEF vinnur ásamt samstarfsaðilum við að útrýma þessum hræðilega sjúkdómi sem lamar börn.

400 NEF gera kleift að byggja 200 salerni, þannig eykst hreinlæti og dregur úr sjúkdómum.

500 NEF veita fræðslu um hvernig beri að varast jarðsprengjur fyrir nærri 40 þúsund börn.

EYJÓLFUR ÞORKELSSON, LÆKNANEMI Í FOR- SVARI FYRIR BANGSASPÍTALANN SEM OPNAR Á NÝJU ÁRI

Rauða nefið vekur fólk til umhugsunar um stöðu barna og hvetur fólk til að leggja sitt af mörkum. Okkur ber skylda að tryggja börnum gott líf, fyrirbyggja, lækna og lina þjáningar þeirra. En við verðum að gera það á forsendum barnanna og það tekst ekki nema við setjum okkur í þeirra spor. Fyrsta skrefið er að gleðjast eins og börn. Rauðnefjadagurinn ætti að vera á hverjum degi! Á hverju ári deyta átta hundruð þúsund börn úr mislingum eingöngu, sjúkdómi sem má útrýma. Ég fyrirleit menn sem eyða peningum í her og vopn í stað þess að aðstoða börn í nauðum. Bangsaspítali lækna- nema sem verður opnaður í vor mun kenna börnum með leik að lækna séu góðir og vilji hjálpa þeim. Vonandi vekjum við líka athygli á því að bágstödd börn eru líka á Íslandi og þeim eigum við og samfélagið allt að hjálpa.



KATRÍN THEODÓRSDÓTTIR, HÆSTARÉTTARLÖGMÆÐUR OG LÖGFRÆÐING- UR FÉLAGS EINSTÆÐRA FORELDRA

Það er nauðsynlegt að minna okkur á velferð barnanna okkar með reglulegu millibili, en það er kominn tími til að við fullorðna fólkíð förum að hugsa á forsendum þeirra. Rauða nefið er góð aðferð því nefinu fylgir húmor og bros. Við verðum að fella niður múra milli stétta á Íslandi, einkum milli barna einstæðra foreldra, barna af erlendum uppruna, barna láglaunafólks og annarra barna. Eigum að efla menntun í landinu þar sem öll börn standa jafnfætis ... en byrjum á því að hlusta á börnin. Hin mismunandi staða barna um allan heim kallar á mis- munandi forgangsroðun. Í mörgum löndum heims verður rétturinn til lífs, frelsis og mannhelgi ekki tryggður nema með útrýmingu fátæktar meðan vandamál barna í öðrum heimshlutum leiða til þess að þau verði undir í samfélagi neysluhyggju.

UNICEF VEITIR:

- » yngstu börnunum góða byrjun í lífinu.
- » öllum börnum, jafnt stúlkum sem drengjum, góða grunnmenntun.
- » öllum börnum lífsnauðsynlegar bólu- setningar og A-vítamín bæti efni.
- » fræðslu til að fyrirbyggja HIV-smit, umönnun til smitaðra og sér til þess að börnum sem eru munaðarlaus af völdum alnæmis sé veittur stuðning- ur og umönnun.
- » verndandi umhverfi fyrir börn sem hafa lent í stríði, ofbeldi eða mis- notkun.



GEISLADISKURINN „BROSTU“ MEÐ BAGGALÚT er til styrktar átakinu og fæst í búðum Hagkaupa, BT og Skifunnar og kostar 990 kr.



KNUD HOLSCHER/d line PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Industrial Design (lönhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtipilinn fyrir almenningsalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line
Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



ÞEKKTAR SAMSÆRISKENNINGAR

» Ekki er allt sem sýnist og það sem er á yfirborðinu er ekki endilega sannleikanum samkvæmt. Þetta sannaðist t.d. hér um árið þegar Bill Clinton hélt því fram, án þess að blikka augunum, að hann hefði aldrei gert neitt siðlaust með Monicu Lewinsky. Og þessu trúðu margir, þar til annað kom í ljós. Lygin getur fundið sér skálkaskjól, jafnvel á sjónvarpskjánum og þau sem þetta vita eru oft þau sömu og aðhyllast samsæriskeningar. Því hver veit hvað menn gera þegar við sjáum ekki til?



ELVIS PRESLEY LIFIR Ein frægasta samsæriskening heims er sú að Elvis Presley sé enn á lífi og fari huldu höfði. Hann er sagður hafa látist 16. ágúst árið 1977 og dánarorsökin er sögð vera of stór skammtur eiturylfja. Hins vegar má með sanni segja að ýmislegt í kringum dauða hans hafi verið afar sérkennilegt, sem rennir styrkum stöðum undir samsæriskeninguna. Sem dæmi má nefna, að þegar líkið af Elvis kom á sjúkrahúsið í Memphis Tennessee, hafði ein hjúkrunarkona þar á orði að þetta væri ekki kóngurinn þegar hún leit á það. Skömmu síðar komu dularfullir menn á svæðið og báðu hana um að skrifa undir skjal þar sem hún hét því að segja engum frá þessu. Nafnið ég legsteini kóngsins er stafað vitlaust og á hverjum degi stíga fram einstaklingar sem sverja við eigið líf að hafa séð söngvarann góðkunna einhversstaðar á förnun vegi.

CIA DRAP JOHN F. KENNEDY

Á þeim örlagaríka degi, 22. nóvember árið 1963, var John F. Kennedy myrtur í Dallas, Texas. Enn hefur ekki tekist að finna haldberar skýringar eða sannanir fyrir því hver stóð að baki verknaðinum, en algengasta skýring er sú að Lee Harvey Oswald hafi myrt hann. Vandinn er bara sá að Oswald var ráðinn af dögum tveimur dögum eftir morðið á JFK og fjölmargir trúa því að hann hafi einungis verið blórabögull, sem kennt var um glæp sem pólitískir andstæðingar Kennedy frömdu. Þar liggja KGB, mafían, FBI, CIA eða J. Edgar Hoover helst undir grun.



FERÐIN TIL TUNGLSINS VAR ALDREI FARIN

Það eru margir sem halda því fram að fyrsta landingin á tunglinu hafi aldrei átt sér stað. Áhangendur þessarar kenningar halda því fram að allt hafi þetta verið sviðsett og til sönnunar á máli sínu benda þeir m.a. á skugga á ljósmynd af Neil Armstrong sem er furðulegur miðað við hvar tunglið er staðsett í himinheimnum.

BRESKA LEYNILÖGREGLAN DRAP DÍÖNU PRINSESSU

Díana prinsessa og ástmaður hennar Dodi Al-Fayed létust í bílslysi í París þann 31. ágúst 1997. Dodi Al-Fayed eldri, heldur því fram að breska leynilögreglan hafi myrt þau samkvæmt fyrirætlum frá Buckingham höll. Engar sannanir hafa komið fram sem staðfesta þetta, en haft er eftir ýmsum embættismönnum að málið sé „skrítið“ ef svo mætti að orði komast. Málið er enn í rannsókn hjá frönsku lögreglunni.



HVER MYRTI MARILYN?

Þann 5. ágúst 1962 fannst þokkadísín Marilyn Monroe látin á heimili sínu aðeins 36 ára gömul. Dánarorsökin var sögð of stór skammtur af róandi lyfjum. Allt frá dauða hennar hefur verið til fólk sem trúir því ekk að uppgefin dánarorsök Marilyn sé sannleikur málsins en frægasta samsæriskeningin er sú að Kennedy bræður hafi látið ráða hana af dögum, enda átti hún að hafa verið í ástarsambandi/samböndum við þá bræður.

BUSH VISSI AF HRYÐJUVERKA-ÁRÁSUNUM ÞANN 11. SEPT-EMBER

Sumir trú á því að sjálfur Bandaríkjaforseti (ásamt nokkrum valdamiklum mönnum) hafi átt þátt í árásunum á tvíburaturnana þann 11. september. Hagsmunir hans af árásinni áttu m.a. að vera ástæða til að ráðast inn í Írak og Afganistan og virkja til þess heraflla landsins. Fólk hefur jafnvel haldið því fram að sprengjum hafi verið komið fyrir í turnunum (hvernig áttu þeir annars að hrynja svona hratt?). Flugvélnar áttu að hafa verið mannláusar og á sama tíma var aldrei flogið inn í Pentagon eins og haldið hefur verið fram.



HVER VAR KOBBI KVIÐRISTA?

Enn þann dag í dag er fólk að velta vöngum yfir því hver Kobbi kviðrista, eða Jack the Ribber, hafi raunverulega verið. Kobbi fór hamförum í húsasundum í London árið 1888 og myrta þar einar fimm vændiskonur á viðbjóðslegan hátt. Sumir telja sig hafa komist að því að Kobbi hafi í raun verið sonur Viktoríu drottningar. Aðrir telja að þarna hafi verið á ferðinni lækni hennar hátignar og enn aðrar kenningar segja að Kobbi hafi verið frímúrari, genginn af göflunum.

AREA 51 Það eru fleiri en Magnús Skarphéðinsson sem trú á að til séu geimverur. Area 51 ku vera staður í Nevada eyðimörkinni, þar sem Bandaríkjaher hefur aðsetur. Margir halda því fram að í aðsetri þessu geri sérfræðingar tilraunir á geimverum sem bæði eru lifandi og dauðar. En þar munu einnig fara fram reynsluflugferðir á fljúgandi diskum og öðrum ónafngreindum framandi farartækjum, svo fátt eitt sé nefnt.



NÝJA HEIMSSKIPULAGIÐ

The new world order eða Novus ordo mundi, kallast samtök annara samtaka og áhrifamikilla aðila, (t.d. frímúrara, Illuminati, Skull and Bones, Rothschild fjölskyldan, Rockefeller, Morgan, Kissinger o.fl.) sem saman stefna að heimsyfirráðum undir einni stjórn sem athafnar sig handan lýðræðis, dóms og laga. Merki Illuminati samtakanna er að

finna á eins dollara seðlinum, þannig að ef þú hefur einn við höndina núna geturðu kikið á það. Margir telja að Bush feðgarnir taki þátt í þessu samsæri, en þeir voru meðlimir í Skull and Bones, leynifélagi sem stofnað var í Yale háskóla. Í samtökum sem þessum eru oft mjög valdamiklir einstaklingar (stjórnáráðgjafar, dómarmenn, milljarðamæringar o.fl.) En það styrkir samsærissinna í trú sinni á að þessir menn spinni saman net sem nær yfir gjörvallan heiminn.

Hollustuna heim!

Hollur og góður kínamatur, stórir skammtar - beint heim til þín.



TILBOÐ 1	TILBOÐ 2	TILBOÐ 3
<p>Djúpstektar ræskur Original hot and sweet svínakjöt Snöggsteikt nautakjöt í ostrusösu Kínverskar eggjauður m/kjöklengi og grænmeti Hrisgrjón, súrsæt sósa, þrjónar og soya sósa</p>	<p>Djúpstektar ræskur Peking kjöklengiur m/kínaovoppum Wok steikt lambakjöt m/hvarfbauna-sósa Original hot and sweet svínakjöt Hrisgrjón súrsæt sósa, þrjónar og soya</p>	<p>Rifjaparty Konton svínaríf Hrisgrjón, þrjóna og soya poki af Maarud</p>
<p>1.345 á mann 2.590 fyrir tvo</p>	<p>1.445 á mann 2.590 fyrir tvo</p>	<p>1.250 á mann 2.590 fyrir tvo</p>

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGOJA Í „TAKE AWAY“

BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósa kinderegg
700 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRI HEIMSENDING

Lágmarkspöntun er kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hálsarford, Ópið: mán-fimmtudaga 12-21:30, föstu og laugardaga 12-22:30 sunnudaga 17-21:30, www.indokina.is

ÞÖNTUNARSÍMI 552 2399

STOLT AF ÞVÍ AÐ VERA DÓTTIR ELLENAR

» Elísabet Eyþórsdóttir fæddist árið 1986, á þeim árum sem frægðarsól hljómsveitarinnar Mezzoforte skein sem skærast. Segja má að þar hafi bæst sólargeisli í fjölskyldu hljómborðsleikara sveitarinnar, en Elísabet er önnur af þremur dætrum þeirra hjóna Eyþórs Gunnarssonar hljómborðsleikara og Ellenar Kristjánsdóttur söngkonu. Máltækið segir að sjaldan falli eplið langt frá eikinni og á þetta vel við í tilfalli Elísabetar, en frá því hún man eftir sér hefur hún stefnt á að verða söngkona. Hún er líka rauðhærð eins og hún á kyn til.

Texti: MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR

Myndir: HÖRÐUR SVEINSSON

Förðun: ELÍN REYNISDÓTTIR

Víð Elísabet hittumst á kaffihúsi einn vætusaman dag í síðustu viku. Framkoma hennar ein-kennist af svolitilli feimni en nærvera hennar er ljúf og góð líkt og söng-röddin. Ég er viss um að þessi stelpa er það sem maður kallar hvers manns hugljúfi enda segist hún trúá á karmalögmálið. „Ef maður gefur gott af sér þá fær maður gott til baka.“

Við komum okkur fyrir í hljóðlátu horni og pöntum kaffi. Þetta er í fyrsta sinn sem hún fer í viðtal en fram til þessa hefur Elísabet ekki látið mikið fyrir sér fara opinberlega. Það mun þó fljótlega breytast því nýlega er kominn út geisladiskurinn Þriðja leiðin þar sem Elísabet syngur öll lögina nema eitt sem er sungið af móður hennar. Það var gítarleikarinn Börkur Hrafn Birgisson sem fékk Elísabetu til liðs við sig, en upphaflega var það Ellen sem átti að syngja inn á diskinn. „Svo hafði mamma ekki tíma til að gera þessa plötu og lagði til að ég kæmi í prufu. Ég var ferlega stressuð að fara í prufu til Barkar, en eftir smá tíma gleymdi ég öllu stressi og við smullum saman þar sem hann spilaði á gítarinn heima í stofu hjá sér og ég söng ljóðin hans Einars Más,“ segir Elísabet, en textarnir á plötunni eru allir samdir af Einari Má Guðmundssyni og koma fram í ljóðabókinni Ég stytta mér leið framhá dauðanum.

MEÐ ÖMMU Í ÚTVARPSHÚSINU

Hingað til hefur söngferill Elísabetar farið rólega af stað. Hún varð í þriðja sæti í söngvakeppni framhaldsskólanna fyrir fjórum árum og ásamt systurum sínum söng hún í einu lagi á Sálmaplötu Ellenar sem kom út árið 2004, en þegar hún var sjö ára mátti þó í fyrsta sinn heyra rödd hennar óma á öldum ljósvakans.

„Ég var oft með ömmu minni Ragnheiði Ástu, sem er mamma pabba míns, að flækjast í útvarpinu. Einhvern tíma vorum við þarna saman og þá var

ég beðin að syngja uppáhaldslagið mitt inn á band. Ég gerði það með glöðu geði, enda frekar athyglissjúk sem barn. Tók mig til og söng öll erindi Maístjörnu Halldórs Laxness af mikilli innlifun,“ segir Elísabet og hlær.

LEGGUR ÁHERSLU Á EINLÆGNI

Það er engum ofsögum sagt að í fjölskyldu Elísabetar snúist allt meira eða minna um tónlist og söng. Því er fjölskyldulífið oft ekki eins hefðbundið og gengur og gerist. „Fólk spyr mig til dæmis gjarna að því hvort það sé ekki alltaf rosalega gaman hjá okkur á jólnum. Heldur að við séum syngjandi allan sólarhringinn yfir hátíðarnar, en sannleikurinn er eiginlega sá að þá tókum við okkur frí frá söngnum. Hins vegar man ég vel eftir því hvað mér fannst alltaf gaman að keyra út í sveit með fjölskyldunni þegar ég var barn. Þá vorum við kannski að fara í sumarbústað og einhver byrjaði að syngja eitthvað lag sem endaði svo á rödduðum samsöng sem allir tóku þátt í,“ segir Elísabet og ég sé fyrir mér eitthvað sem gæti minnt á atriði úr dans- og söngvamynd frá Walt Disney.

Elísabet segir foreldra sína alltaf hafa staðið með henni í því sem hún hefur kosið að taka sér fyrir hendur. Til dæmis ákvað faðir hennar að styrkja hana til tónlistarnáms í FÍH, en Elísabet hafði alltaf verið mjög eirðarlaus í menntaskólanámi og hlakkaði til að því myndi ljúka. Hún fékk því að hefja tónlistarnámið áður en stúdentsprófið var yfirstaðið.

„Mamma og pabbi hvetja mig alltaf til að vera sjálfstæða og þau vilja að ég fari mína eigin leið. Ég leita reyndar ráða hjá þeim ef ég er óörugg með eitthvað og þá hefur það mest með tónlistarbransann að gera og það sem að honum snýr. En eitt besta ráðið sem mamma hefur gefið mér í sambandi við söng er að syngja alltaf beint frá hjartanu og vera einlæg. Hún leggur mikla áherslu á einlægni.“





EKKI BARA ORÐ Á BLAÐI

Það hefur löngum verið þekkt að listamenn sem hafa upplifað sársauka og gleði túlka tilfinningaskalann í gegnum sönginn og ná oft betri hlustun en það fólk sem hefur tæknilega færni en skortir tilfinningu. Textarnir á Þriðju leiðinni eru oft sorglegir og takast á við margbrotnar tilfinningar, eins og oft vill verða í ljóðum. Elísabet, sem er enn ung að árum, segist reyna að setja sig inn í tilfinninguna í textanum eftir fremsta megni og þá dregur hún oft fram minningar eða annað sem hjálpar henni við túlkunina. „Það sem ég reyndi að gera var að lesa og lifa mig svolítið inn í ljóðin. Einar Már talar til dæmis um sjálfan sig í fyrstu persónu í sumum ljóðanna, en ég breytti því samt ekki í kvenkyn heldur hélt þessu bara eins og það er. Enda finnst mér ég ekki vera að syngja dægurlagatexta í þessu tilfelli, heldur túlka ljóðin hans Einars. Það er alveg nauðsynlegt að reyna að skilja textana og setja tilfinningu í þá. Annars er maður bara að syngja einhver orð á blaði og útkoman verður aldrei jafn góð. Hvað varðar það að rifja upp tilfinningar sem ég hef sjálf gengið í gegnum þá get ég ekki sagt að ég hafi átt mjög dramatíska ævi. Í það minnsta hefur þessi dramatík aldrei aftrað mér í neinu,“ segir Elísabet en bætir því við að reyndar hafi hún misst ömmu sína sem var henni mjög kær. „Hún studdi mig mikið og vissi til dæmis alltaf að ég ætti eftir að verða söngkona, en þegar ég var lítil þá var ég mjög mikið hjá ömmum

mínun – og þá sérstaklega ömmu Sísí. Mamma og pabbi þurftu að ferðast mikið vegna vinnunnar og voru stundum mikið í útlöndum, en ég get samt ekki sagt að ég hafi fundið fyrir þessum aðskilnaði á neikvæðan hátt. Amma var alltaf svo mikill hluti af fjölskyldunni og mér fannst gott að vera hjá henni.“

STOLT AF ÞVÍ AÐ VERA DÓTTIR MÓÐUR MINNAR

Blús, djass og kántrí eru þær tónlistarstefnur sem höfða mest til Elísabetar og hafa gert um töluvert skeið. Hún hefur gaman af því að hlusta á tregablandna og tilfinningaríka túlkun þeirra Arethu Franklin og Billie Holiday og segir hana hafa mikil áhrif á það hvernig hún vegur og metur góðan söng. En þrátt fyrir þann aragrúa söngkvænna sem til eru í heiminum er það samt Ellen Kristjánsdóttir sem hún metur hvað mest og segir vera eina af sínum uppáhaldssöngkonum.

„Ég hef alltaf litið rosalega mikið upp til mömmu. Finnst hún alveg frábær.“ Elísabet kveðst alltaf hafa verið mjög mikil „mömmustelja“ og segist í raun vera það enn. „Mér fannst líf hennar alveg ótrúlega spennandi þegar ég var lítil og vildi alltaf vera með henni, hvert sem hún fór. Ég vildi meira að segja fá að klæða mig upp og mála mig áður en við fórum eitthvað út saman. Heimtaði að fá að setja á mig bláan augn-skugga og rauðan varalit til að vera flott þegar ég var úti að spóka mig með mömmu. Að fara með henni á tónleika þótti mér

mikill hápunktur, svo ekki sé minnst á að fá að njóta þess heiðurs að fá að fara baksviðs. Það var algjör toppur. Í raun er ég mjög stolt af því að vera dóttir hennar. Fólk hefur stoppað mig á götu og spurt hvort ég sé ekki dóttir Ellenar Kristjáns, þegar það sér svipinn með okkur og ég hef líka heyrt að við höfum líka söngródd. Þessu tek ég alltaf sem hrósi og hef mjög gaman af því að heyra svona athugasemdir.“

ENGAR BLEKKINGAR

Eftir að hafa alist upp með tónlistarfólki hefur Elísabet ekki þurft að ímynda sér hvernig það væri að lifa og starfa sem tónlistarmaður á Íslandi. „Ég veit að það getur stundum verið erfitt að vera listamaður hér á landi, en í minni fjölskyldu höfum við samt alltaf haft nóg til hnífs og skeiðar. Ég kviði því þess vegna ekki að þurfa að standa í einhverju basli. Ef ég kemst ekki af sem tónlistarmanneskja þá vinn ég bara einhverja aðra vinnu en verð samt áfram í tónlist af því það er það sem gefur mér gleði í lífinu. Ef ég verð hins vegar svo farsæl að geta lifað af tónlistinni þá myndi ég bara telja mig mjög heppna því það eru ekki margir sem lifa á því að gera það sem þeir elska mest.“

Eins og fyrr segir kveðst Elísabet trúa á lögmál orsaka og afleiðinga, eða karmalögmálið, í lífinu. Hún segir það því hafa verið farsælt mjög að hennar fyrsta stóra verkefni á vettvangi tónlistarinnar hafi verið samstarf við Bórk Hrafn Birgisson, en hún lítur mjög upp til hans sem tónlistarmanns. „Það má eiginlega kalla þetta ótrúlega vel heppnaða tónlistarlega „afmeyjun“. Ég er virkilega þakklát fyrir það að hafa fengið tækifæri að vinna með Berki. Hann er svo hæfileikaríkur og þægilegur maður. Svo kom hann alltaf fram við mig sem jafningja og það fannst mér ótrúlega gott að finna. Satt best að segja var ég að upplifa langþráðan draum rætast þegar við vorum að vinna saman í stúdíóinu. Ég fílaði mig alveg ótrúlega vel og naut þess sem við vorum að gera alveg í botn,“ segir Elísabet full af einlægni og ákafa og það leynir sér ekki að innra með henni býr mikil og sönn ástríða fyrir tónlist. Það verður því spennandi fyrir okkur að heyra frumraun þessarar ungu konu á sviði tónlistarinnar og fá að fylgjast með henni í framtíðinni, sem án efa verður björt og yfirfull af góðu karma.

FRÁ HÖFUÐI DA VINCI LYKILSINS

HRINGUR TANKADOS EFTIR DAN BROWN


ÓUMDEILDUR MEISTARI HINNAR
ÚTHUGSUÐU SPENNUSÖGU

„Heimurinn sem Hringur Tankados lýsir er því miður ekki
fjarri raunveruleikanum.“

- MacDonnell Ulsch, forstjóri Öryggisráðs Bandaríkjanna



SELD Í
MEIRA EN
1.000.000
EINTÖKUM



höfundur:
Anna María Hilmarisdóttir

ÓSÝNILEGIR GLÆPIR EFTIR GUILLERMO MARTÍNES

24,8,16...31

Á METSÖLULISTUM UM ALLAN HEIM.
PLANETA BOKMENNTA-
VERÐLAUNIN Í ARGENTÍNU.

„Stærðfræði og morðgáta.
Þú færð ekki betri kokkeil.“
- Guardian




BJARTUR



Brynhildur Björnsdóttir
elur upp

Óskrifað blað

Dóttir mín er svo heppin að hafa fullt af jafnöldrum í kringum sig og þegar foreldrar og börn hittast er ósjálfrátt farið að bera saman og draga í dilka. „Já, er hún svona magapínubarn ...“ „Já, er hann ekki farinn að velta sér ennþá ...“ „Já, sumir sitja fyrst og velta sér svo, það er bara mismunandi.“

Í ungbarnaeftirlitinu er líka fylgst með því hvað barnið getur, tínt upp í sig, brosað, hjalað og talað, staðið, skriðið, gengið. Og einkunnasjúk móðir eins og ég frikar bara út. Ekki þó af áhyggjum af því að barnið mitt sé ekki fullkomið, því í mínum augum er hún það, heldur af því að ég sé að gera eitthvað vitlaust ef hún kann ekki að borða með skeið eða syngja stafrófið. Sögur af því sem ég gat eða gat ekki á sama aldri og öðrum börnum í fjölskyldunni sem voru altalandi eins árs eða stóðu ekki upp fyrir en á fimmtánda mánuði verða að mælikvörðum, ekki á barnið mitt heldur á mig sem foreldri. Ég er ekki nógu hvetjandi, við syngjum ekki nóg, hún fær ekki nógu fjölbreyttan mat, heima hjá okkur er enginn stigi svo hún getur ekki æft jafnvægisþyngni með því að reyna að þrilla upp tröppurnar. Kannski kemur þessi samanburðarárátta og ótti til af kenningunni um tabula rasa, að hvert barn fæðist sem óskrifað blað sem reynslan og lífið skrifa mörk sín á. Ef barnið er óskrifað blað og foreldrarnir eru þeir sem skrifa fyrstu síðurnar er nú eins gott að vanda sig. Barnið verður að fá hið fullkomna veganesti út í lífið, gróft hollustubrauð með tónlist og margföldunartöflu, lífrænan bókasafa og epli sem kennir siðfræði. Hveitibrauð með kæruleysi eða sjónvarpskaka eru falleinkunn fyrir foreldrana.

Í leiðbeiningalista sem ég fékk með mér heim úr fæðingarfræðslunni fyrir svona ári síðan var mömmunni bent á alls kyns sniðuga hluti eins og að gera stundum eitthvað fyrir sjálfa sig fyrstu vikurnar í lífi barnsins, reyna að fara út á hverjum degi, sofa þegar barnið sefur og láta sig heimilisþrífir litlu varða. Og ekki bera barnið sitt saman við önnur börn því öll börn eru einstök. Ég minni mig á þetta þegar ég er alveg að bugast yfir því að ég sé að krassa alls konar rugl og vitleysu á barnið mitt, eða það sem verra er, alls ekki neitt. Ég er líka búin að ákveða að það besta sem hægt er að gera fyrir barnið sitt sé að þykja nógu vænt um það og að bera það ekki saman við einn eða neinn. Skrifa alls konar fallega hluti á þetta óskrifada blað og fyrst og fremst ástarljóð, hvatningar-söngva og lofræður. Öll börn eiga rétt á því að vera elskuð, algerlega og án nokkurra skilmála. Það eru barnaréttindi og alveg örugglega það sem best skilar sér úti í lífinu þegar á hólminn er komið.



Jólahlaðborð fyrir börn

Hótel Ör verður með jólahlaðborð fyrir börnin næstu tvo sunnudaga, 3. og 10. desember. Krakkajólahlaðborðin hefjast klukkan 15 og veislustjóri er Bárður úr Stundinni okkar. Jólaveinninn kíkir síðan í heimsókn og gefur krökkunum pakka og dansar með þeim í kringum jólatréð.

Það er því alveg tilvalið fyrir alla fjölskylduna að skreppa í sunnudagsbíltúr austur fyrir fjall og koma sér í jólaskap.



Nýtt frá Te & Kaffi

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemmingin

NÝTT FYRIR JÓLIN



LLOV88302
Litir: brúnt
Verð:
27.995 kr.-



PET35253
Litir: svart
Verð:
15.995 kr.-



ARA61742
Litir: svart
Verð:
7.995 kr.-



EURAE240
Litir: svart
Verð:
9.995 kr.-



PET74201
Litir: svart
Verð:
15.995 kr.-



SPRBA319
Litir: svart
Verð:
13.995 kr.-



SPR3608
Litir: svart
Verð:
6.995 kr.-



EUR4172100
Litir: beis
Verð:
4.995 kr.-



SPR2406
Litir: svart
Verð:
22.995 kr.-



PET89259
Litir: brúnt
Verð:
26.995 kr.-



SPR732586
Litir: svart
Verð:
18.995 kr.-



SPRBA329
Litir: svart
Verð:
17.995 kr.-



IIO92653
Litir: svart
Verð:
22.995 kr.-

*BIRT MED FYRIRVARA UM VERÐBREYTINGAR, MYNDBRENGL OG STAFSETNINGARVILLUR

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

SMÁRALIND (551 8519) | KRINGLAN (568 9212)

*SENDUM Í PÓSTKRÖFU

Desemberkaka í jólalitunum

KAKA TIL AÐ FAGNA UPPHAFI JÓLAMÁNAÐAR. ENDA ER HÚN Í JÓLALITUNUM, HVÍT, RAUÐ OG GRÆN. ÍSKAKA Í ANDA FROSTS OG SNJÓS. FALLEG Á BORDI OG GÓÐ Í MAGA.

BOTN:
3 egg
125 g flórsykur
50 g hveiti
1 msk. kartöflumjöl
3 msk. kakó

½ l vanillús, mjúkur

KREM:
2 dl rjómi
2 msk. flórsykur
½ tsk. vanilludropar

jarðarber, skorin í tvennt
fersk mynta

Hrærið saman egg og sykur þar til létt og ljóst. Blandið þurrefnum saman við og hrærið vel. Smyrjið deigið á bökunarpappír, um 1 cm þykkt. Bakið við 180 gráður í um 10-12 mín. eða þar til brúnirnar á botninum fara að lyfta sér frá bökunarpappírnum. Takið úr ofninum og kælið. Losið botninn varlega frá pappírnum með góðum spaða. Smyrjið botninn með ísnum og rúllið kökunni varlega saman. Vefjið plastfilmu utan um kökuna, þétt og vel. Setjið í frysti í a.m.k. tvo tíma. Þeytið saman rjóma, sykur og vanilludropa. Smyrjið frosna kökuna með rjóma-kreminu þegar hún er tekin úr frystinum. Stingið aftur í frystinn í 10 mín. Skreytið með jarðarberjum og ferskri myntu, falletg að sigta örliðið kakó yfir hvítt kremið. Berið strax fram.



Nýr veitingastaður í hjarta miðbæjarins

*Góðar veitingar í fallegu og vinallegu umhverfi
í einu glæsilegasta húsi miðbæjarins.*



GEYSIR

Bistro & Bar

Aðalstræti 2, 101 Rvk. s. 5174300



Matur handa næstu kynslóð

Flestir sjá fyrir sér að einkabjálfarar, dansarar og fitness-drottningar hljóti að þurfa að passa mataræðið afar vel og megi aldrei bregða út af. Það er þó ekki alveg rétt. Með því að velja rétt og vera meðvitaður um hvað maður er að borða má leyfa sér ýmislegt. Þetta veit Yesmine Olsson, sem sameinar það að vera einkabjálfari, dansari, fitness-drottning og nýbökud móðir. Hún hefur nú ákveðið að deila vitneskju sinni með okkur hinum í bókinni Framandi og freistandi létt og litrík matreiðsla.

„Þetta eru upphaldsréttirnir mínir, sem ég hef breytt svo þeir passa betur inn í lífstílinn sem ég er í núna. Mér finnst afrískur og indverskur matur mjög góður en hann er ekki alltaf mjög hollur og inniheldur mikla fitu. Með því að skipta á hollu hráefni og óhollu er hægt að leyfa sér að borða ýmislegt án þess að stofna heilsunni og holdafarinu í hættu.“ Hún vill þó taka fram að þetta er alls ekki enn einn megrunarkúrinn. „Ég vil bara sýna fram á að það er hægt að búa til góðan mat án þess að hann þurfi að vera óhollur. Í þessari bók eru engar öfgar heldur bara uppskriftir að góðum mat settar fram á hollari hátt. Svo fylgja fróðleiksmolar hverjum rétti fyrir sig, ef það er til dæmis mangó í réttinum þá skrifa ég eitthvað skemmtilegt um mangó og svo framvegis.“ Hún vill taka fram hvað hún hafi verið heppin með samstarfsfólk. „Með svona gott fólk með mér gat ég gert nákvæmlega það sem mig langaði til að gera. Áslaug Snorradóttir tekur myndirnar og Blær Guðmundsdóttir sér um grafíkuna, kokkarnir.is elduðu réttina fyrir myndatökurnar og svo mætti lengi telja. Bókin er enn fallelgri og betri en ég þorði að láta mig dreyma um.“

Yesmine hefur lengi langað að skrifa bók. „Fyrst ætlaði ég að skrifa bók um þjálfun og mataræði. En ég hef alltaf haft mjög gaman af því að elda, einkum þó framandi mat og langaði líka að skrifa matreiðslubók. Ég var ekki alveg viss um hvernig ég ætti að fara að því að samræma þetta. Þegar ég varð ólétt fylltist ég af orku og sköpunargleði og fann að nú væri tíminn til að skrifa bókina. Það má segja að dóttir mín hafi verið upphafið að þessu öllu.“



Dóttir Yesmine og Arngríms Fannars Haraldssonar, Ronja Ísabel, fæddist 2. september og mamma hennar lætur hana ganga fyrir. „Hún er algerlega númer eitt og um leið og heyrst í henni þá hendi ég öllu öðru frá mér. Þrjár okkar sem komum að bókinni erum með lítil börn sem er skemmtileg tilviljun og kannski má bara segja að þetta sé matur handa næstu kynslóð.“

Súkkulaðikökur slá að minnsta kosti alltaf í gegn hjá börnunum og hér fylgir ein holl og góð uppskrift úr bókinni. Þeir sem vilja smakka ættu að kíkja í lðu á morgun milli tvö og fjögur þar sem Yesmine verður að kynna bókina og kökuna.



CHILISÚKKULAÐIKAKA MEÐ PISTASÍUHNETUM OG TRÖNUBERJUM

100 g suðusúkkulaði
½ dl pistasíuhnetur hakkaðar
½ dl möndlur hakkaðar
½ dl bran flakes
½ tsk. chili krydd (tæplega)
1 box trönuber eða hindber

Hakið hneturnar og geymið sirka eina matskeið af hvorri tegund til skrauts. Bræðið súkkulaðið ásamt hnetunum í vatnsbaði. Þegar súkkulaðið er bráðnað, setjið bran flakes saman við. Setjið á bökunarpappír og stráðið hnetunum sem teknar voru til hliðar yfir. Hægt er að móta litlar eða stórar kökur úr deiginu eða bara eina stóra sem er síðan brotin niður eftir smekk. Skreytið með berjum.

Ath! Afar gott er að bæta við uppskriftina handfylli af þurrkuðum trönuberjum sem hentar sérstaklega vel í kringum jólahátíðina.



Jólabrauð



Jólasaltkringlur



Ensk ávaxtakaka



Súkkulaðibitar



Prinsessukökur



Negulkökur



Lagkaka
Hræroð dökk
& hræroð ljós



Mini hafrættis



Lagkaka
Hræroð dökk
& hræroð ljós

Jólin að hætti Jóa Fel

Nú er Jói Fel byrjaður að undirbúa jólin. Hjá Jóa Fel er eingöngu bakað úr fyrsta flokks hráefni. Við bjóðum ykkur að kynnst jólabakstrinum í nýjum jólabúningi. Verið Velkomin!

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Mán. - föst. 11 - 19. Laug. 11 - 18. Sun. 12 - 18.



VANDAÐAR VETRARVÖRUR

KYNNING



1



2



3



4



5

1. Next Kringlunni. 17.190 kr. 2. Kiss Kringlunni. 6.990 kr. 3. Next Kringlunni. 16.990 kr. 4. Companys Kringlunni. 5.990 kr. 5. GS skór Kringlunni. 14.990 kr. 6. Kiss Kringlunni. 5.990 kr. 7. Next Kringlunni. 20.490 kr. 8. Companys Kringlunni. 13.990 kr. 9. Companys Kringlunni. peysa 6.990 kr., skyrta 5.990 kr. 10. GS skór Kringlunni. 8.990 kr. 11. Next Kringlunni. 15.890 kr.



BIRTA GERIR „meik óver“

» Maður getur alltaf á sig blómum bætt, sagði Tóta litla tindilfætt í sönglaginu góða og það telur Birta vera orð að sönnu enda prófuðum við að senda Díönu Ósk Óskarsdóttur, 36 ára, tveggja barna móður í útlitsbreytingu. Með aðstoð stílista og snyrtifræðings gátum við svo aldeilis bætt nokkrum „blómum“ á Díönu Ósk.



SNILLINGAR! María Björg Tamimi snyrtifræðingur á snyrtistofunni Amira, Dána Ósk Óskarsdóttir og Birna Sif Magnúsdóttir stílisti.

María ákvað því að byrja á tvöfaldri húðhreinsun áður en lengra skyldi haldið. Fyrst tók hún Díönu í húðhreinsun sem miðar að því að koma jafnvægi á fituframleiðslu húðarinnar, en því næst var húðin djúphreinsuð. Eftir það fór Dána vikulega í ávaxtasýrumeðferð sem tók alls sjö skipti. Meðferðin hafði þau áhrif að svitaholur þéttust og

Birta fékk snyrtifræðinginn Maríu Björgu Tamimi til liðs við sig, en hún rekur snyrtistofuna Amiru í Bæjarlind 12 í Kópavogi. Fyrir meðferðina hafði Dána ekki sinnt húðinni rétt því hún var opin með fílapenslum, örllítið örött og litarhaftið fremur daufllegt.

ör og önnur lýti urðu minna áberandi, litarhaft húðarinnar varð fallegra og yfirbragðið jafnara. Einnig notaði Dána ávaxtasýrurnar heima og með því flýtti hún fyrir árangri meðferðarinnar. Í allar meðferðirnar notaði María gæðavörur frá comfort zone og útkoman varð sú að húðin batnaði verulega mikið.

Daginn fyrir myndatöku fór Dána í collagen meðferð, en slík meðferð virkar mjög styrkjandi á húðina; veitir djúpan raka, þéttir, dregur úr fínnum línnum og gefur ferskan gljáa. Til að setja punktinn yfir i-ið fór hún svo í litun og klippingu á hársnyrtistofuna Korner í Bæjarlind 14-16. María Björg litaði og mótaði augabrúnir Díönu í samræmi við andlitsfall hennar,



Dána Ósk Óskarsdóttir, sjö vikum fyrir útlitsbreytingu.



Til að bæta húðina var m.a. notast við ávaxtasýrumeðferð frá comfort zone.



Dána Ósk eftir útlitsbreytingu með aðstoð Maríu Bjargar og Birnu.

„GALLABUXUR OG BOLUR“ Bolur frá Sparkz, peysa frá Gallerí 17, Diesel gallabuxur frá Gallerí 17 og falleg brún leðurstígvél frá GS skóm.

Texti: MARGRÉT HUGRÚN
Myndir: STEFÁN KARLSSON

DROTTNINGARLEG
Kjól frá Sand í
Kringlunni, há,
svört leðurstígvél frá
Sand, hálsfesti, eyrna-
lokkar og armbönd
frá Kiss.

neglurnar voru snyrtar og svo fór hún í brúnkumeðferð til að fá á sig frískandi lit. Um var að ræða Natura sun brúnkumeðferð sem er handsprautað á líkamann, en á Amiru er hægt að velja um sjö mismunandi liti eftir því hvað hent- ar hverjum og einum. Síðast en ekki síst var Díana förðuð af Maríu með vörum frá Rifka. Birna Sif Magnúsdóttir tók svo rúnt um fata- verslanirnar og fann föt sem fara henni vel, en myndirnar segja að sjálfsögðu meira en öll orð.



HVERSDAGSLEG EN LÍKA SVOLÍTÍÐ FÍN Bolur frá Sparkz, peysa frá Company 's, leðurpils frá Oasis, leðurbelti frá Company 's, sokkar frá Cobra, skór frá GS skóm og skart frá Kiss.



**Gæddu lífið
litum eftir
þínu höfði
um jólin**

**Jólaaliturrinn
í ár
Big Apple Red**

Ómótstæðilegir litir og einstök gæði.

OPI Núkk Aðure
"Best Of Beauty"
verðlaun fyrir
naglaökkin:
"I'm Not Really A
Waitress" og
"Samman Sand"

O.P.I.



Glæsilegt og ómissandi

Svartur og drapplitaður eru tveir klassískir litir sem ganga við flest tilefni.

Mikið verður um þessa tvo liti í vetur og ættu því allir að geta fundið sér eitthvað við sitt hæfi.

Allt frá glæsilegum síðkjólum til skemmtilegra auka-hluta.

Ef þú vilt vera klassísk og glæsileg ættu þessir litir að höfða til þín.

ÞÆGINLEG OG MJÚK

Hneppt peysa frá Karen Millen

FALLEGT mittisbelti frá Wearhouse

HLÝ OG GÓÐ

Dásamlega falleg kápa frá Karen Millen.

SÆTUR rúllukraga bolur frá Wearhouse

RÚMGÓÐ OG FLOTT taska frá All Saints

GLÆSILEGUR OG RÓMANTÍSKUR

kjöll frá Karen Millen

HLÝJIR OG GÓÐIR leðurhanskar frá Wearhouse

SVÖRT KÁPA með fallegu mynstri frá Whistles skyldueign hvernar glæsi konu

ÖKKLASKÓR

Fallegir skór með slaufu frá Karen Millen

ÓMISSANDI kjöll frá Whistles

FLOTT

támjóstígvél ómissandi eign úr Shoe Studio

GLÆSILEG taska með dýramynstri úr Karen Millen





Whistles
í jólaaskapi

30%
afsláttur af
öllum vörum
1.-10. des.

Whistles er breskt merki sem sérhæfir sig
í einstökum og fágúðum stíl.

Whistles | Kringlunni | s. 517-5790 | www.whistles.co.uk

PRJÓNADUR Dásamlega fallegur svartur prjónakjöll úr Whistles.

GRÁR Mynstraður svartur og grár kjöll úr Whistles.

Dásamlegir hátíðarkjólar

Jólin nálgast óðfluga og jólaböllin og hlaðborðin með. Á þessum tíma er nauðsynlegt að eiga að minnsta kosti einn fallegan jólakjól. Úrvalið er mikið en vinsælasti kjöllinn í ár verður eflaust hinn svokallaði „babydoll“ kjöll sem er hvorki of stuttur né of síður. Hann er til í mörgum útfærslum í verslunum bæjarins hvort sem hann er bleikur og krúttlegur eða svartur og klassískur. Vinsælustu litirnir eru grár, hvítur, svartur og daufir litir í bland.

HVÍTUR Sætur kjöll úr Spúútnik.

HLÝRALAUS MEÐ SLAUFU Kvenlegur og glæsilegur fyrir jólaboðin. Fæst í Warehouse.


SVARTUR OG KLASSÍSKUR Kjöll sem gengur bæði hversdags og í jólaboðið. Fæst í All Saints.

RÓMANTÍSKUR Fallegur grár kjöll með svörtum blúndum úr Karen Millen.

SOFIA COPPOLA Hún á þá ófáa, babydoll kjólana og hér er hún í einum fallegum svörtum á rauða dreglinum. MYND:GETTY IMAGES



BLEIKUR Sætur kjöll úr Karen Millen.





Helgartilboð

Ullarkápa 16.990
Roma buxur 7.990

oasis

KRINGLAN | SMÁRALIND | DEBENHAMS

www.oasis-stores.com

Tískuíkon #6

MADONNA

Það er óhætt að fullyrða að engin kona hefur komist með tærnar þar sem Madonna hefur tískuhælana undanfarin tuttugu og fimm ár. Alveg frá því að hún komst fyrst í sviðsljósið árið 1982, hefur hún verið sannkölluð táknmynd tískunnar og er enn. Fyrsta „lúkkið“ sem Madonna gerði vinsælt voru víðar blúndu blússur sem hingu yfir berar axlir og óhemju mikið af skartgripum, til dæmis stórir kaþólskir krossar um hálsinn og armbönd sem náðu nánast upp að olnboga. Skömmu síðar kom hún fram á korseletti með knallstuttar ljósar krullur og dökkar og miklar augabrúnir. Það leið ekki á löngu þar til hún byrjaði að hneyksla með djarfri og óheftri framkomu, sem stundum þótti móðgun við siðgæði og kristna trú og þetta kórónaði hún með bókinni *Sex* sem kom út árið 1992, en í henni var Madonna að kanna eigin kynhneigðir á mjög opinskáan hátt. Með aldrinum, og barneignum, róaðist Madonna. Hún leitaði inn á við. Fann Kabbala trú, hóf að skrifa barnabækur, iðka jóga af kappi og leggja mannúðarmálum lið. Eftir tvö ár verður Madonna fimmtug, en hún virðist eldast eins og Dorian Gray, sem sagt – eldast ekki. Hún býr yfir óþrjótandi lífsþorsta sem lýsir sér m.a. í því hvernig hún endurskapar sjálfa sig reglulega. Það er varla til sú hárgreiðsla sem Madonna hefur ekki prófað, og hvað fatastíllinn varðar þá er það oft en ekki hún sem setur línurnar fyrir það sem koma skal. Til dæmis má nefna fatalínu sem hún hannaði í samstarfi við Hennes & Mauritz, en nú í haust hafa vegfarendur í flestum stórborgum erlendis fengið að sjá risa auglýsingar af Madonna í fötum eftir sjálfa sig. Madonna er án alls vafa, mesta tískufyrirmynd síðari hluta tuttugustu aldar og fyrsta áratugar þessarar. Og hver veit ... kannski heldur hún bara áfram?



Vönduð spariföt

í miklu úrvali



Gildir til 31. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Jóhanna Sveinsdóttir
segir kynjasögur

Barbí og Spartakus

Þegar ég kveikti á sjónvarpinu eitt kvöldið ekki fyrir löngu síðan, blöstu við mér á skjánum smjöráðir strákar í boxer buxum. „Jei!“ hugsaði ég. „Naktir karlmenn.“ Ég hækkaði í sjónvarpinu, kúrði mig ofan í sófa og hóf að dæma hvern geldrenginn á fætur öðrum eftir ummáli, stærð og sætleika. Og ég skammaðist mín ekkert fyrir það, enda voru drengirnir að keppa í fegurð og biðu því berir á brókinni eftir dómi um hver yrði næsti Herra Ísland.

Þegar piltarnir örkuðu fram og til baka á sviðinu með Colgate hvítt bros, tónaða vöðva og kúkabrúna kroppa byrjaði ég að tístá af hlátri þar sem mér fannst þetta frekar hallærislegt sjóv. Mér fannst ég vera að horfa á bronssteypta spartakusa með strípur og velti fyrir mér hvort slíkar bronsstytur vöppuðu í alvöru um í hinu venjulega samfélagi.

Ég verð nú að viðurkenna að áhugi minn á Herra Ísland keppninni minnkaði töluvert að lokinni nærfatasýningu. Fljótlega var mér farið að standa á sama um hver yrði næsta Sykurhúðaða sætabrauð Íslands og fór að sinna öðrum verkefnum.

Daginn eftir keppnina miklu sat ég að snæðingi með félögum mínum í hádeginu þar sem rætt var um fegurðarsamkeppnir. „Mér finnst bara fánalegt hvað þessar keppnir móta einhverjar steríó- týpur um hvernig fólk á að líta út. Hver lítur svona út?“ spurði einn sessunauturinn og stakk upp í sig pastaskrúfu. Ég kippiti mér nú ekki upp við þessa algengu skoðun á fegurðarfólki enda hefur hún oft komið upp í kringum keppnir kvenna í fegurð. Það sem kom kannski helst á óvart var að þessi skoðun, í þetta skiptið, kom úr munni karlmanns. Og hann var hvorki ljótur, bitur, né samkynhneigður eins og loðir oft vafasamlega við þær konur sem setja sig upp á móti fegurðarsamkeppnum. Ég horfði því agndofa á sessunaut minn tryggja pastaskrúfunu og var virkilega hissa á því að strákur tæki næri sér að annar strákur sprangaði um brúnn á sviði í þröngri spíðó og hnyklaði vöðvana í árlegri kjöstykkjakeppni.

Strákum, alveg eins og stelpum, finnst upp að vissu marki niðrandi þegar einn úr þeirra röðum er valinn til að gegna hlutverki þess fallegasta. Það fer alveg jafn mikið í taugarnar á strákunum, eins og okkur stelpunum, að með fegurðarsamkeppnum sé ómeðvitað verið að búa til einhvers konar steríótýpu af hvoru kyni fyrir sig. Við stelpurnar erum kannski vanari því þar sem keppnir fyrir okkar kyn hafa verið við lýði áratugum saman. En þegar keppnir um Herra Ísland fara að verða meira áberandi, rísa strákar upp, fussa yfir brúnku-meðferðum í g-streng, bringuvaxi og vöðvahnyklun og spyrja sjálfa sig hvar þessa menn sé eiginlega að finna í samfélaginu.

Til hamingju strákar. Þið sem kvartið daglega undan því að skilja ekki konur, þá skiljið þið okkur allavega á þessu sviði. En ég get þó veitt ykkur þá huggun að flestum okkar skvísanna finnast þessar Spartakuskeppnir ákaflega bjánalegar. Og ég held í þá von að ykkur finnst það sama um Barbídukkukeppnirnar sem troðið er upp á okkur.

Til að minna okkur á að við erum alltaf fallegust einsog við erum varpa ég fram speki vikunnar; Líkamleg fegurð friðar ekki heiminn. Maður þarf ekki að sofa í ljósabekk til að hafa gaman af ferðalögum og lestri góðra bóka.

Hvað kveikir í okkur?

Gerð var bresk könnun meðal karla og kvenna á því hvað kveikti mest í fólk. Tekin voru saman tuttugu atriði um það helsta sem kveikir í okkur.

1. **Kossar**
2. Sokkar og sokkabönd
3. Þriggja daga *skegg*
4. Súkkulaði
5. **Hjúkkur**
6. Venjulega stelpa í næsta húsi
7. Ást
8. Vera sagt hversu gott það er
9. **Daður** með smáskilaboðum
10. Hetjur, aðallega **löggu** og **slökkviliðsmenn**
11. Sjá **glitta** í nærbuxur
12. Þeyttur rjómi
13. Innra lærið
14. **Mótorhjól**
15. Brjóstahaldarahlýri



16. Nudd
17. Þegar **augnsambandi** er haldið **aðeins** of lengi
18. Frumkvæði
19. Hlátur
20. Falleg og **stinn** karlmannsbók

stjörnuþá

★ ★ ★
1. - 7. desember

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Undanfarið hefur þú reynst góður vinur í raunum annarra. Fyrir vikið hafa eigin vandamál setið á hakanum. Fljótt mun greiðinn verða launaður af góðum vinum.



NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Nautið verður á ferð og flugi í desembermánuði. Nautið ætti að njóta þessa ástands enda ekki oft sem hægláta nautið nennir að þeytast svo mikið.



TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Mikil vinna er framundan í desember hjá tvíburanum en hann ætti þó ekki að láta það á sig fá. Dugnaðurinn fer ekki fram hjá neinum og umbunin verður eftir því.



KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Loksins, loksins, er krabbinn kominn á rétt ról og tilbúinn að sletta úr klaufunum. Nýjar ástir myndast og vínattubönd styrkjast. Njóttu þess sem koma skal.



LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Innsæi ljónsins segir að best sé að halda leyndarmálum og fréttum út af fyrir sig. Á innsæi skaltu hlusta kæra ljón, treystu á sjálf þig og farðu eigin leiðir.



MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPT.

Hafi meyjarnar verið að reyna að kaupa eða selja fasteign en ekkert gengið þá munu fljótt verða breytingar á því. Meyjan þarf að vera tilbúin til að taka ákvörðun með engum fyrirvara.



VOG 22. SEPT. – 22. OKT.

Sambönd verða í brennidepli hjá voginni það sem eftir lifir mánaðar. Best er að taka upp viðkvæm málefni strax áður en sprengjan springur og allt fer í háaloft.



SPORDDREKI 23. OKT. – 21. NÓV.

Stórar ákvarðanir biða sporðdrekans sem tengjast fjölskyldu, búsetu, atvinnu eða öðru jafn stóru. Sporðdrekin vill festa eina eða tvær rætur og ætti ekki að hræðast það.



BOGMAÐUR 22. NÓV. – 21. DES.

Bogmaðurinn hefur hér tækifæri til að koma lífi sínu í þær skorður sem hann helst óskar sér. Bogmaðurinn ætti að láta neikvæðar dylgjur annarra sem vind um eyru bjóta.



STEINGEIT 22. DES. – 19. JAN.

Út vikuna hefur steingeitin völd til að gera allt sem hún óskar sér. Samfæringskraftur steingeitarinnar er mikill og því á hún auðvelt með að fá aðra með sér í lið.



VATNSBERI 20. JAN. – 18. FEB.

Vatnsberinn ætti að halda vel um bodduna í byrjun mánaðar. Nokkuð verður um óvænt útgjöld þennan jólamánuðinn og því ekki skynsamlegt að eyða í óþarfa.



FISKAR 19. FEB. – 20. MARS

Áætlanir og verkefni komast loks á fljúgandi ferð, fiskunum til mikillar gleði. Fiskunum munu berast margar ánægjulegar og góðar fréttir.






Sparipeysur

Peysur, bolir
og toppar
við öll
tækifæri,
mikið úrval!

Diza

Laugavegur 44 • Sí: 561-4000 • www.diza.is

HIGH AND MIGHTY



Herraföt fyrir stóra
og mikla karlmenn

Hlíðasmári 13 | Sí: 5444247



igma
verslun

IGMA ER FLUTT OG HEFUR
OPNAÐ NÝJA OG GLÆSI-
LEGA VERSLUN UNDIR
NAFNINU MINERVA.

VERIÐ VELKOMIN Í FAXAFENIÐ
ÓPIÐ MÁN-FÖS KL. 11-18
OG LAU KL. 11-16
SÍMI: 553 1144

MINERVA

Prinsessan

Verslun/mjódd • 5674727 • www.prinsessan.is



Stelpujólakjólur og skór
Dömkjólur og drengjaspariföt



Hjartamagnyl einu sinni á dag

Vægur skammtur af magnyl, svokallað hjartamagnyl eða barnamagnyl, getur komið í veg fyrir hjartaáfall. Magnylið er blóðþynnandi og hindrar að blóðkekkir myndist sem geta svo stíflað kransæðar.

Mælt er með einni töflu á dag en hafa skal samráð við lækni áður en byrjað er á reglulegri notkun.

Viðvörðun á vínflöskur

Þrjár milljónir Evrópubúa lifa við einhvers konar heilsuleysi og sjúkdóma sökum áfengisneyslu móður á meðgöngu. Á hverju ári eykst þessi tala um 45 þúsund manns. Þetta kom fram á alþjóðlegri ráð-



stefnu sérfræðinga um áfengisvandann í Finnlandi á dögnum. Þar kom einnig fram að sérfræðingar telja að neysla á meðgöngu sé aðalástæða félagslegra og geðrænna vandamála barna í Evrópu. Áfengið fer beint í fóstrið gegnum fylgjuna og getur skaðað fóstrið, valdið fósturláti og valdið barninu sjúkdómum síðar á lífsleiðinni. Nú vill Frakkland setja viðvörðun við drykkju á meðgöngu á vínflöskur, eins og á sigarettupökkum. Í fyrra byrjuðu síðan franskir skólar að fræða nemendur um hættuna á áfengisneyslu á meðgöngu. Í Frakklandi neyta um fjórutíu prósent kvenna áfengis á meðgöngu og bara einn fjórði lækna hvetur barnshafandi konur til að hætta að drekka. Þetta vandamál er mun minna á Norðurlöndunum og á Íslandi en þó gætum við séð þessa viðvörðun á vínflöskum hér á landi þegar fram líða stundir.



Töff skart, töskur, beltí, snyrtivörur, hárskraut, sokkar, húfur, vettlingar, treflar og margt sniðugt fyrir jólasveinana

**Jóla-
gjafirnar
fást í
Twizzt**

Twizzt skart og fylgihlutir
Firði Hafnarfirði og Glæsibæ

Hress og hraust í ræktina og vinnu með *Lifestream* Spirulina!

Daði R. Kristleifsson, 18 ára
Lifestream Spirulina gefur mér
mjög mikla orku en ég finn ótrúlega
mikinn mun þegar ég tek það inn.
Þó svo að ég borði mjög hollt fæði er
það Spirulina sem gerir mér kleift
að hafa orku í allt sem þarf að gera
en ég er í skóla, vinnu, líkamsrækt
og æfi fótbolti. Hef miklu meiri
úthald og er hressari á morgnana.

Lífrænt Fjölvítamín

29 vítamín og steinefni · 18 aminosýrur · Bláðgræna · Omega
GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkanum.

Greinilegur munur eftir
nokkra daga inntöku

Aukið úthald, þrek og betri líðan

Til að fá jafnmikið af nokkrum völdum næringarefnum og í dagskammti
af Lifestream Spirulina þarf að borða:

- 7 gulrætur (betakarótín)
- 1 skál af fersku spinati (járni)
- 1 skál af hiðishrisgrjónum (kalíum)
- 1 glas af mjólk (kalk)
- 125gr. nautakjöt (prótín + B12 vítamín)
- 30gr. hveitigrassafa (bláðgræna)
- 1 hylki Kvöldvorósalía (GLA fitusýrur)

Styrkir þjótt líkamann gegn kvefi og flensu

WHO Alþjóðlega Heilbrigðisstofnunin telur hágæða Spirulina ákjósanlegan
næringarauka fyrir börn og fullorðna. Mörg hundruð rannsóknir hafa verið gerðar á
Spirulina og fjöldi þeirra hefur birst í virtum visindaritum. Lifestream Spirulina eflir
einbeitingu, gefur orku, dregur úr pirringi, sleni og sætindabörf.
Gott fyrir alla sem eru í vinnu, námi og vilja halda línunum í lagi.

Súrefnistæmir umbúðirnar til að vernda næringarefnin.

Lifestream þörunarnir eru ómengaðir vegna þess að þeir eru ræktaðir í
ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001



NÓATÚN

H A M R A B O R G

NÓATÚN

H A M R A B O R G

NÓATÚN

H A M R A B O R G

***Mikið úrval af
jólagjöfum fyrir
yngstu börnin.***



Hamraborg 7

www.modurast.is Sími 564 1451



**Börn óska eftir
styrktarforeldrum**

Við veitum munaðarlausum
börnum heimili til frambúðar.

Vertu með í að búa börnum
betri framtíð og gerstu
styrktaraðili hjá
SOS-barnaporpunum.



SOS-barnaporpin

Sími: 564 2910 - www.sos.is



Vorum að taka upp nýjar vörur
frá Vanity Fair

Frábær verð og gæði - Persónuleg þjónusta

Opnunartími
Mán - fös 11-18
Lau 11-14

Vanity Fair



Hamraborg 7 Kópavogi Sími 544 4088



Blóm og
gjafavara
í miklu
úrvali

18 RAUÐAR RÓSIR
SIA • BROSTE • CULT DESIGN
LEONARD • BYNO
Hamraborg 3 • Sími 554 4818



Ævintýralegar fiskbúðir

- Hamraborg 14a
- Skipholt 70
- Höfðabakka 1
- Sundlaugavegi 12
- Háaleitisbraut 58-60
- Vegamótum (Nesvegi 100)

Ferskar Ítalskar
kaffibaunir
fyrir vandláta

mölum á staðnum



BONOMI
KAFFI

KAFFIHÚS - TAKE AWAY

Glæsileg ítölsk gjafavara, kaffibollar,
morgunverðasett og margt fleira.



PROFESSIONAL

Hágæða ítalskar kaffivélar frá Quick Mill fyrir
heimil, fyrirtæki og stofnanir.
Alvöru espresso með þykki kaffifroðu eða
mildara, alveg eins og þú vilt, nákvæmlega
eins og á bestu kaffihúsunum.



KAFFIBÚÐIN

Hamraborg 1, sími 5546054, www.kaffibudin.is

Uppruni
hlutanna

Aðventuljós

- hefðin sem við gerðum að okkar eigin

Aðventuljósín, sem skreyta hvern glugga á aðventunni, eiga rætur sínar að rekja til fornra gyðingaljósa. Talan sjö er heilög tala og voru sjö arma kertastjakar notaðir til að skreyta musteri. Stjakarnir sjálfir áttu að tákna brennandi runnann eins og hann birtist Móse í Gamla testamentinu.

Tilurð þeirra hér á Íslandi er ekki jafn heilög. Samkvæmt grein Árna Björnssonar á Vísindavefnum var það kaupmaðurinn Gunnar Ásgeirsson sem fyrstur allra kom með ljósín til landsins. Árið 1964 var hann í verslunarferð í Svíþjóð og fann þar sjö arma ljósaskreytingar sem honum fannst tilvaldar sem gjafir fyrir gamlar frænkur sínar. Ljósín vöktu mikla lukku og tveimur árum síðar var hann farinn að flytja þau inn og selja grimmt.

Svíar voru mun lengur að kveikja á aðventuljósunum og það var ekki fyrr en um 1980 að þau urðu vinsæl þarlendis. Á Íslandi hafa hins vegar ekki verið jól án aðventuljósa í þrjátíu ár. Má ætla að ljósín hafi snert streng í þjóðarsálinni sem fyrir var, streng sem fastur var í kerti í gluggakistu, kerti sem aðeins fékk að loga á jólanótt. Gott ef þetta kerti vísaði ekki afvegaleiddum sjómönnum leiðina heim, samkvæmt þjóðsögunni. Engin furða að ljósín fái að loga. Ef eitt ljós getur bjargað lífi heillar áhafnar, ímyndið ykkur hverju sjö ljós geta áorkað.



Íslendingar þurfa líka að fylgjast með!

REYKJAVIK.COM

REYKJAVIKMAG

Íslendingar og útlendingar fá allar **upplýsingar á ensku** um allt það sem **heimsborgin Reykjavík** státar af á hverjum tíma.; **menningarviðburðir**, tónleikar, **skemmtistaðir**, veitingastaðir, söfn, gallerí, **tíska**, verslanir og **næturlíf**.

Wine on Ice:

Ískaldur og skemmtilegur drykkur

Nýjungar á íslenska áfengismarkaðinum eru yfirleitt fólgnar í því að nýjar tegundir og árgangar af vínnum koma fram á sjónarsviðið. Í sterkum vínnum eru það einna helst mismunandi "skot" sem koma á markað og blanda af sterku áfengi og gosi sem svo vinælar eru, sérstaklega meðal yngra fólks.

Nú er komið á markaðinn hér á landi alger nýjung sem ber heitið W.O.I. Skammtstöfunin stendur fyrir "Wine on Ice" sem gefur til kynna að drykkisins sé best að neyta þegar hann er ískaldur. W.O.I er þýskur drykkur, blanda til helminga af hvítvíni og sítrónusafa. Blanda sem getur af sér afskaplega ferskan og skemmtilegan drykk sem ekki er bara gott að sötra heldur hentar einnig ágætlega með léttum réttum og jafnvel sem fordrykkur. Það sem kemur einna mest á óvart er hve "eldra" fólk hefur tekið þessum drykk vel og eru margir sem kjósa hann fremur en t.d. bjór.

Í samanburði við gosblandað sterkt áfengi má því segja Meira, sterkara, ódýrara og..... færri kalóríur! Drykkurinn fæst í 350 ml. dósum og er 6,5% að styrkleika.


Verð í vínbúðum 274 kr.




"Skemmtilegur svaldrykkir, freyðir á tungu.
Sítrónuferskleiki og sæmilega langt eftirbragð."

Einar Thoroddsen

"Kom mér á óvart hversu ferskt þetta var, fínt fyrir unga fólk (sem komið er á aldur)."

Smakkarinn.is



		64		BRÁK	VAFI	↙	GLJÁI	GYLTA	HRÆÐSLA	ÞRÓUNAR-STIG SKORDÝRA			
		MP & BH					FYRSTUR						
		→											
		ÁA					ERLENDIS				NÚLL	↓	JARÐEFNI
		JARÐRÍKIS					ÁFENGUR DRÝKKUR						
	SETIS	BAUG				5		BOTNVARPA					
		ÞYRPIŊ						EINS UM R					
KLETTUR					LÚTIL AUSA					4	TVEIR EINS		
					VÍSDÓMUR						TEYGUR		
TILVERA				SPARSÖM			3		SJÚKDÓMUR				
				KEYRSLA					ÞEKKJA LEIÐ				
TÍÐ						LYFTIDUFT				BLUND			
						ANDVARI				LEÐJA			
EINN		HÖKU-TOPPUR						ENGI					VEITT EFTIRFÖR
		MÁ TIL						ÁVÖXTUR					
SJÓ			SJÁÐU	1			EFNA-SAMBAND					ÖRN	
			ANGAN										
SMÁU	HEITI						MÆLIKVARDI Á ÞRÝSTING						
	Á FÆTI						ÍÞRÓTTA-FÉLAG						
↘					KRAFTUR				PLANTA	2			
BRAGAR-HÁTTUR						OFN							



LEYSTU KROSSGÁTUNA!

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ HEIMILDAR-MYNDINA "ÞETTA ER EKKERT MÁL" UM GOÐSÖGNINA JÓN PÁL Á DVD!

Þú sendir SMS skeytið JA SVAR LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!
 Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón.
 Þá sendir þú SMS-ið JA SVAR JON.

Dregið úr réttum svörum n.k. þriðjudag kl. 12.

Imodium®

(lóperamíð)



Við bráðum niðurgangi

Fæst án lyfseðils

Imodium® (lóperamíð), töflur, mixtúra.


Ábendingar: Bráður niðurgangur (skammtímameðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna of hraðrar tæmingar s.s. hjá sjúklingum með dausgarnaraufun eða heilkenni sturtæmingar maga. **Skammtar og lyfjagjöf:** *Bráður niðurgangur:* Byrja skal meðferðina með 2 töflum (4 mg) (eða 20 ml af mixtúru), en skömmtun er síðan 1 tafla (2 mg) (eða 10 ml af mixtúru) efiur hverja hægðalosun með niðurgangi, þó ekki þéttar en á 2-3 klst. fresti. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur (16 mg) (eða 80 ml af mixtúru). *Langvarandi niðurgangur:* Skömmtun er í upphafi 2 töflur (4 mg) (eða 20 ml af mixtúru). Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur (2-16 mg) (10-80 ml af mixtúru) á sólarhring. Viðhaldsskömmtum verður að

halda í lágmarki og er oftast nóg að gefa 1-2 skammta á dag. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur (16 mg). Ekki þarf að stilla skammta fyrir aldráða eða sjúklinga með skerta nýrnastarfsemi. *Börn 8 ára og eldri:* Skömmtun er einstaklingsbundin, 2-12 mg á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára. **Sérstök varnadarorð og varúðarreglur við notkun:** Við langvinna bólgu-sjúkdöma í þörmum getur lyfið dulið einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúklingur hefur háan hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægðatregðu eða önnur merki um ófullnægjandi þarmahreyfingar. Sjáist klínískur bati ekki innan tveggja

sólarhringa við bráðan niðurgang, á að hætta gjöf Imodium og þuga aðra meðferð. Hjá alnæmissjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þanninn kvíð. Tilkynnt hefur verið um einstaka tilvik eitrunarstörrisils hjá alnæmissjúklingum með ristilbólgu af völdum sykingar, bæði veiru- og bakteríusykingar, sem fengu meðferð með lóperamíð hýdróklóríði. Imodium á að nota með varúð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi vegna skert umbrots við fyrstu umferð gegnum lifur. Fylgjast á sérlega vel með þessum sjúklingum með tilliti til hugsanlegra eiturráfrifa á miðtaugakerfi. Engar upplýsingar eru þó fyrirliggjandi um lyfjahlvörf. **Umboð á Íslandi:** Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabær. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir með lyfinu.**

FRÁ FRAMLEIÐENDUM SHREK & MADAGASCAR

Bruce Willis Garry Shandling Avril Lavigne Steve Carell William Shatner Wanda Sykes Nick Nolte



Þau ætla að ná
aftur hverfinu...

...bita fyrir
bifa.

DREAMWORKS

OVER THE HEDGE

Komin í verslanir og á leigur með íslensku og ensku tali.

SAM MYNDIR

SKEMMTIDAGSKRÁ TIL STYRKAR BÁGSTÖDDUM BÖRNUM

Þessa dagana stendur UNICEF fyrir degi rauða nefnsins sem mun ná hámarki með skemmtidagskrá þann 1. desember í opinni dagskrá á stöð 2 kl. 19.40. UNICEF ætlar að hvetja alla Íslendinga til að gerast heimsforeldrar og með því að ganga í lið við UNICEF getur fólk glatt fátæk börn um heim allan. Dagskráin mun standa til 23.35 og munu landsþekktir einstaklingar stíga á stökk og skemmta landanum með gríni og söng og í leiðinni hvetja alla til að styrkja bágstödd börn. Meðal þeirra eru Edda Björgvins, Óskar Jónasson, Ólafía Hrönn, leikarnir úr Sigtinu, Búbarnir og Spaugstofan, Lay Low, Bryndís Ásmundsdóttir og Halla Vilhjálmisdóttir og fleiri góðir. Þáttastjórnendur eru Sveppi og Ilmur Kristjánsdóttir. Ilmur lofar góðum þætti. „Ég hlakka mjög mikið til að stjórna þættinum með Sveppa. Þarna verður einvalið grínista og skemmtikrafta að skemmta landanum og

einnig sýnum við myndskreið frá ferðum Íslendinga til Afríku. Þannig að það verður fín lína á milli hláturs og gráts.“ Ilmur bendir á að framvegis verði Dagur rauða nefnsins árlegur viðburður á Íslandi. Aðspurð hvort Ilmur sé sjálf heimsforeldri er hún ekki lengi að svara. „Ég er löngu búin að gerast heimsforeldri og hvet alla til að gera hið sama.“ Leikstjóri þáttarins er Silja Hauksdóttir.



| íslenskar sjónvarpsstöðvar | kvikmyndir | íþróttir | erlendar sjónvarpsstöðvar | þættir |

An advertisement for the movie 'Skolad í Burtu'. It features cartoon characters from the movie, including a yellow alien-like character with large eyes and a character holding a red ball. A mobile phone is shown with a text message on the screen that says 'SMS LEIKUR'. The text '9 HVER VINNUR!' is in a blue circle. The DreamWorks & Aardman logo is at the top right. The title 'Skolad í Burtu' is in large blue letters. Below the title, it says 'SENDU SMS SKEYTID JA SBB Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNID BIÓMÍÐA!' and 'VINNINGAR ERU BIÓMÍÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLÉIR'. Logos for 'BÍÓ' and 'SAMBÍÓN' are at the bottom right. A small text at the bottom says 'Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.'



SJÓNVARPIÐ



SKJÁREINN



SIRKUS TV



▶ **17.03 The Simpsons**
STÖÐ 2



▶ **21.45 Sirkus Rvk** SIRKUS



▶ **22.15 Kill Bill** STÖÐ 2
BÍO



▶ **16.20 Beverly Hills 90210** SKJÁR EINN



▶ **23.00 Hedwig**
SJÓNVARPIÐ

17.00 Jóladagatalið - Stjórnustrákur

17.15 Leiðarljós

18.00 Táknmálsfréttir

18.10 Snillingarnir (12:18)

18.35 Safnamýsna (4:6)
Finnur brúðumyndaflokkur.

18.45 Jóladagatalið - Stjórnustrákur Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalhlutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurþór Albert Heimisson. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson. e.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.10 Síðustu orð Hreggviðs Stuttmynd frá 2004 eftir Grím Hákonarson. Morgunblaðið stendur á tímamótum og þrýst er á ritstjóra þess, Sturlaug Jóhannesson, að færa blaðið nær nútímanum. En þegar ófga-hægrimaðurinn Hreggviður ris upp frá dauðum til að andmæla ritstjórnarstefnunni vandast málið. Meðal leikenda eru Þorsteinn Gunnarsson, Guðrún Gísladóttir, Ívar Örn Sverrisson, Þorsteinn Guðmundsson og Þorvarður Helgason. Framleiðandi: Boris Film.

20.35 Todmobile á tónleikum Bein útsending frá útgáfu-tónleikum hljómsveitarinnar Todmobile í myndveri Sjónvarpsins. Stjörn útsendingar: Egill Eðvarðsson.

21.25 Bergkristall Þýsk bíómynd frá 2004 um tvo krakka sem reyna að sameina foreldra sína með því að láta sig hverfa á fjöllum á aðfangadagskvöld. Leikstjóri er Joseph Vilmaier og meðal leikenda eru Dana Vávrová, Daniel Morgenroth og François Göske.

23.00 Hedwig og reiða restin

0.30 Höldum lífi

0.55 28 dagar

2.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

6.58 Ísland í bítið

9.00 Bold and the Beautiful

9.20 Í finu formi 2005

9.35 Oprah

10.20 Ísland í bítið (e)

12.00 Hádegisfréttir

12.40 Neighbours

13.05 Valentína

13.50 Valentína

14.35 Jamie Oliver - með sínu nafi (8:26)

15.00 Extreme Makeover: Home Edition (19:25)

15.50 Nýja vonda nornin

16.13 Hestaklúbburinn

16.38 Skrímslaspilið

17.03 Simpsons

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Íþróttir og veður

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 Dagur rauða nefnsins

20.30 X-Factor Stærsti sjónvarpsviðburður í sögu Stöðvar 2. X-Factor er einstök sönghæfi-leikakeppni þar sem keppendur eru á öllum aldri, allt frá sextán ára og upp úr. Einstaklingar og hópar taka þátt í keppninni og reyna að sannfæra dómara Einar Bárðarson, Elly og Pál Óskar um að þeir eigi erindi í sjálfa úrslitakeppnina sem fram fer í Smáralindinni.

21.25 Dagur rauða nefnsins Bein útsending sem haldin er vegna söfnunarártaks UNICEF á Íslandi handa bággstöddum börnum í Afríku.

23.35 Six Days, Seven Nights

1.15 Garage Days

2.55 Simpsons

3.20 Ísland í bítið e

4.55 Fréttir og Ísland í dag

6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

1.12 2006 Föstudagur

7.00 6 til sjö (e)

8.00 Rachael Ray (e)

8.45 Sigtíð (e)

15.00 The King of Queens (e)

15.30 Queer Eye for the Straight Guy (e)

16.20 Beverly Hills 90210

17.05 Rachael Ray

18.00 6 til sjö

19.00 Everybody Loves Raymond (e)

19.30 Toppskífan Glænýr tónlistarþáttur þar sem söngstjarnan Heiða kynnir vinsælustu tónlistina á Íslandi í dag og fær til sín góða gesti.

20.10 Trailer Park Boys Þættir um vinina Ricky og Julian sem hafa oft en ekki villst út af beinu brautinni í lífinu.

20.35 Parental Control Stefnumótþáttur með skemmtilegri fléttu. Thomas, kærasti Alexandríu, er ruddalegur rokkari sem leggur það í vana sinn að pissa á almannaferi.

21.00 The Biggest Loser Bandarísk raunveruleikasæria þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Fimm fitubollur eru eftir og taka nú þátt í sérstaklega erfiðri keppni.

